



STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

2017

Mynd á forsíðu

Krossfestingarmynd á skinnblaði frá 14. öld.

Ljósmynd: Jóhanna Ólafsdóttir



Svanhildur María Gunnarsdóttir, safnkennari Árnastofnunar, tók þátt í Háskólalestinni 2017. Á myndinni sést hún ræða við gesti í vísindaveislu í Grunnskólanum í Sandgerði. Aðsókn var betri en við var búist og vöktu Leynardómar handritanna verðskuldaða athygli.

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Inngangur	2
Fastráðnir starfsmenn	3
Skipulag	4–5
Ráðstefna orðabókarfólks á Norðurlöndum	6–7
Tölur um vefi 2017	7
Máltækniáætlun 2018–2022	8
Gagnasöfn	9–11
Rannsóknir og útgáfa	12–18
Miðlun og kennsla	19–21
Samstarf innanlands	22–24
Alþjóðlegt samstarf	25–27
Viðburðir 2017	28–31
Kjörgripur	32



INNGANGUR

Starf Árnastofnunar hverfist um tungumálið í öllum sínum fjölbreyttu birtingarmyndum, um forna texta og nýja, ritaða og munnlega, um ný og gömul orð, fágætt og vinsæl. Þessi misserin er hart sótt að íslenskunni í öllu samfélaginu, í almannarýminu jafnt sem sýndarheimum og það er jafnvel spurt hvort hún haldi velli.

Íslenskan er lifandi tungumál og hún þarf að geta fótáð sig í nýjum heimi eins og allar aðrar tungur heimsins. Á öllum tímum hefur hún notið þess að þeir sem hafa haft hana að móðurmáli hafa tekið afstöðu með henni. Allt frá fyrstu árum ritaldar voru elstu verk heimsbókmennta jafnt sem kennslubækur þýddar á íslensku og smíða þurfti ný orð yfir allt sem hugsað var á tungunni. Þessar þýðingar þroskuðu og ögruðu hugsuninni. Undrast má frumleika, atorku og dirfsku þýðenda og orðasmiða allt frá tólftu öld og til okkar daga.

Bestu vinir íslenskunnar hafa iðulega komið úr hópi þeirra sem hafa numið hana sem annað mál, allt frá Rasmus Kristian Rask til okkar daga. Útflutningur íslenskra bókmennta byggist á góðum þýðendum sem kunna íslensku nægilega vel til að færa textann á sitt móðurmál. Á síðasta hausti var haldið þýðendaþing þar sem komu saman á fjórða tug þýðenda íslenskra bókmennta sem margir hafa notið náms í íslensku við Háskóla Íslands og tekið þátt í sumarnámskeiðum Árnastofnunar, áður Stofnunar Sigurðar Nordals. Það vill stundum

gleymast að íslenska er kennd við um hundrað háskóla um allan heim og það eru forréttindi fyrir Árnastofnun að fá að halda utan um stuðning við stóran hóp þessa fólks, þessa sendiherra íslenskrar menningar.

Íslenskan þarf tækifæri og svigrúm til að dafna á tölvuöld og í máltækninni, annars mun hún einangrast og hverfa eins og verða örlög margra tungumála á þessari öld. Í fyrra var stórum áfanga fagnað þegar ný máltækniáætlun til fimm ára var kynnt. Sú áætlun er nú að fullu fjármögnuð. Starfsmenn Árnastofnunar hlakka til að takast á við þau spennandi verkefni sem biða. Fá viðfangsefni hafa eins breiðan hljómgrunn í samfélaginu og þverpólitískan stuðning nú á dögum. Það er því full ástæða til bjartsýni.

Guðrún Nordal forstöðumaður

FASTRÁÐNIR STARFSMENN 2017



Antonio Costanzo



Guðný Ragnarsdóttir



Helga Hilmisdóttir



Kristín Una Friðjónsdóttir



Soffía Guðný Guðmundsdóttir



Ari Páll Kristinsson



Guðrún Ása Grímsdóttir



Ingibjörg Þórisdóttir



Margrét Eggertsdóttir



Steinþór Steingrímsson



Ágústa Þorbergsdóttir



Guðrún Laufey Guðmundsdóttir




Jóhann Kristján Konráðsson



Ólöf Benediktsdóttir



Svanhildur María Gunnarsdóttir



Ásta Svavarsdóttir



Guðrún Nordal



Jóhanna Ólafsdóttir



Rakel Pálsdóttir



Svanhildur Óskarsdóttir



Emily Diana Lethbridge



Guðvarður Már Gunnlaugsson



Jóhannes B. Sigtryggsson



Ríkarður Owen



Úlfar Bragason



Eva María Jónsdóttir




Haldóra Jónsdóttir



Jón Hilmar Jónsson



Rósa Þorsteinsdóttir



Vasare Rastonis



Gísli Sigurðsson



Hallgrímur J. Ámundason



Kári Kaaber



Signe Hjerrild Smedemark




Þóris Úlfarsdóttir



Guðmundur G. Guðmundsson



Haukur Þorgeirsson



Kristín Bjarnadóttir




Sigurborg Kristín Stefánsdóttir



Þórunn Sigurðardóttir

SKIPULAG

SKIPURIT STOFNUNAR ÁRNA MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra með stjórn sem er forstöðumanni til ráðgjafar.

STJÓRN OG STARFSLIÐ 2017

Stjórn

Þorsteinn Pálsson formaður, Katrín Jakobsdóttir varaformaður, Guðrún Þórhallsdóttir, Terry Gunnell og Torfi Tulinius. Þau þrjú síðastnefndu eru tilnefnd af Háskóla Íslands.

Fastráðnir starfsmenn voru 35 í árslok 2017. Átta nýráðningar voru á árinu: Emily D. Lethbridge, Guðný Ragnarsdóttir, Helga Hilmisdóttir, Ingibjörg Þórisdóttir, Jóhann K. Konráðsson, Rakei Pálsdóttir, Sigurborg Stefánsdóttir, Vasare Rastonis.

Unnið var að fjölbreyttum verkefnum á öllum sviðum stofnunarinnar. Starfsstöðvar hennar eru á þremur stöðum í Reykjavík: Árnagarði við Suðurgötu, Laugavegi 13 og Þingholtsstræti

29. Nokkrir stúdentar voru ráðnir til ákveðinna verkefna sem þeir unnu að í styttri tíma. Fjöldi gestafræðimanna hafði aðstöðu á stofnuninni á árinu sem og doktorsnemar og fyrirverandi starfsmenn.

Ritstörf og erindi starfsmanna 2017 eru birt í vefútgáfu ársskýrslunnar, www.arnastofnun.is/page/arsskyrslur.

Forstöðumaður


Guðrún Nordal prófessor (rannsóknarleyfi 1. mars–1. júlí). Ari Páll Kristinsson rannsóknarprófessor var settur forstöðumaður 1. mars–1. júlí.

Alþjóðasvið

Úlfar Bragason, rannsóknarprófessor og stofustjóri, Ingibjörg Þórisdóttir verkefnisstjóri, Kári Kaaber verkefnisstjóri.

Handritasvið

Svanhildur Óskarsdóttir, rannsóknardósent og stofustjóri, Guðrún Ása Grímsdóttir rannsóknarprófessor, Guðvarður Már Gunnlaugsson rannsóknardósent, Haukur Þorgeirsson rannsóknardósent, Jóhanna Ólafsdóttir ljósmyndari, Margrét Eggertsdóttir rannsóknarprófessor, Svanhildur María



Stjórn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ásamt forstöðumanni. Guðrúnu Þórhallsdóttur vantar á myndina.

Gunnarsdóttir safnkennari, Vasare Rastonis forvörður, Þórunn Sigurðardóttir rannsóknarlektor.

Málræktarsvið

Ari Páll Kristinsson, rannsóknarprófessor og stofustjóri, Ágústa Þorbergsdóttir málfræðingur, Jóhannes B. Sigtryggsson rannsóknarlektor.

Nafnfræðisvið

Emily D. Lethbridge, rannsóknarlektor og stofustjóri, Hallgrímur J. Ámundason fráfarandi stofustjóri.

Orðfræðisvið

Ásta Svavarsdóttir, rannsóknardósent og stofustjóri, Halldóra Jónsdóttir verkefnisstjóri, Helga Hilmisdóttir rannsóknarlektor, Kristín Bjarnadóttir rannsóknardósent, Þórdís Úlfarsdóttir orðabókarritstjóri.

Þjóðfræðisvið

Gísl Sigurðsson, rannsóknarprófessor og stofustjóri, Rósa Þorsteinsdóttir rannsóknarlektor.

Stjórnsýslusvið

Sigurborg Stefánsdóttir, fjármálastjóri og stofustjóri, Antonio Costanzo öryggisvörður, Eva María Jónsdóttir vef- og kynningarstjóri, Guðmundur G. Guðmundsson öryggisvörður, Helga Ingvarsdóttir ræstingamaður, Jóhann K. Konráðsson öryggisvörður, Rákel Pálsdóttir verkefnisstjóri, Soffía Guðný Guðmundsdóttir verkefnisstjóri (leyfi 2017), Steinhólfur Steingrímsson verkefnisstjóri.

Bókasafns- og upplýsingasvið

Ólöf Benediktsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, starfaði til 1. mars 2017. Guðný Ragnarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, hóf störf í febrúar 2017

Samverkamenn og verkefnaráðnir við stofnunina

Bjarki Karlsson, Guðbjörg Kristjánsdóttir, Haraldur Bernharðsson, Hjördís Erna Sigurðardóttir, Katelin Parsons, Ludger Zeevaert og Þórður Ingi Guðjónsson.



RÁÐSTEFNA ORÐABÓKARFÓLKS Á NORÐURLÖNDUM

Dagana 30. maí til 2. júní var 14. norræna ráðstefnan um orðabókafræði haldin í Reykjavík. Slíkar ráðstefnur hafa verið haldnar annað hvert ár síðan 1991 á vegum Norræna orðabókafræðifélagsins (NFL) og er þetta í þriðja skipti sem hún hefur verið á Íslandi. Þátttakendur voru tæplega 70 og komu hvaðanæva af Norðurlöndum.

Þema ráðstefnunnar í ár var **Orðabækur og málgögn** (Ordbøger og sproglige resurser). Með málgögnum er átt við þann efnivið sem orðabókahöfundar byggja vinnu sína á. Nú á dögum eru það einkum rafræn málsöfn af ýmsu tagi ásamt sérhæfðum gögnum sem spretta af orðfræðilegri eða málfræðilegri greiningu á slíkum málsöfnum eða af öðrum málrannsóknnum. Efniviðurinn hefur áhrif á afraksturinn og hans sér stað á ýmsan hátt í eðli, einkennum og svipmóti orðabóka. Sum málgögn eru jafnframt opin almennum notendum sem geta þá nýtt þau beint sem heimildir og hjálpartæki til viðbótar við hefðbundnar orðabækur.

Boðsfyrirlesarar á ráðstefnunni voru þrír, Bolette S. Pedersen frá Nordisk forskningsinstitut í Kaupmannahöfn, Jón Hilmar Jónsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Matthew Whelpton frá Háskóla Íslands. Þau fjölluðu hvert á sinn hátt um þema ráðstefnunnar. Það var líka umfjöllunar-efni í mörgum þeirra rúmlega 30 fyrirlestra sem fluttir voru í tveimur málstofum þar fyrir utan en þar var líka rætt um önnur viðfangsefni sem snerta orðabækur og orðabókagerð. Þar að auki voru nokkur verkefni kynnt á veggspjöldum sem héngu uppi meðan á ráðstefnunni stóð. Fyrirlestrar og málstofur fóru fram í Öskju, náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands.

Auk hins fræðilega hluta ráðstefnunnar voru skipulagðir ýmsir atburðir sem einkum voru ætlaðir til að gefa þátttakendum tækifæri til að kynnast, spjalla saman og mynda persónuleg tengsl sín á milli þvert á stofnanir og landamæri. Þar bar hæst síðdegisferð um Reykjanes sem lauk með léttum kvöldverði við Garðskagavita og hátíðarkvöldverð í lönó í lok ráðstefnunnar en auk þess buðu norrænu sendiráðin í Reykjavík sameiginlega til móttöku í Norræna húsinu í lok fyrsta ráðstefnudagsins.



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum stóð að ráðstefnunni í samvinnu við félagið og Ásta Svavarsdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Helga Hilmisdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir önnuðust undirbúning, skipulag og stjórn hennar. Nordplus, Letterstedska föreningen og Clara Lachmann-sjóðurinn styrktu ráðstefnuna. Í tímariti NFL, LexicoNordica (24/2017), birtist ítarleg og skemmtileg frásögn af ráðstefnunni eftir tvo af þátttakendum og unnið er að undirbúningi ráðstefnurits með greinum sem byggjast á fyrirlestrum og veggspjöldum sem kynnt voru á ráðstefnunni.

NOTKUN Á NOKKRUM AF VEFJUM STOFNUNARINNAR

	ár	notendur	heimsóknir	flettingar	athugasemd
málið.is	2017	59.743	257.246	733.757	
málið.is	2016	17.391	40.705	116.147	talning hófst 16. nóv. 2016
<i>aukning</i>		243,53%	531,98%	531,75%	
árnastofnun.is	2017	123.255	216.792	433.682	
árnastofnun.is	2016	125.578	224.782	448.702	
<i>aukning</i>		-1,85%	-3,55%	-3,35%	
BÍN	2017	169.395	768.270	1.512.099	
BÍN	2016	153.367	713.049	1.435.389	
<i>aukning</i>		10,45%	7,74%	5,34%	
Íðorðabankinn	2017			514.171	
Íðorðabankinn	2016			463.924	
<i>aukning</i>				10,83%	
Íslensk nútímamálsorðabók	2017	40.910	66.897	188.014	talning hófst 28. maí 2017
Íslensk nútímamálsorðabók	2016				
<i>aukning</i>					
Íslenskt orðanet	2017	2.729	9.660	30.460	talning hófst 6. okt. 2016
Íslenskt orðanet	2016	3.988	8.107	23.573	
<i>aukning</i>		-31,57%	19,16%	29,22%	
ÍSLEX	2017	75.739	215.551	1.714.669	talning hófst 28 maí 2017
ÍSLEX	2016				
<i>aukning</i>					
Málföng.is	2017	2.184	3.275	7.874	
Málföng.is	2016	2.695	3.628	7.581	
<i>aukning</i>		-18,96%	-9,73%	3,86%	
Ísmús	2017	73.524	104.433	371.862	
Ísmús	2016	58.513	83.754	331.491	
<i>aukning</i>		25,65%	24,69%	12,18%	

Árnastofnun rekur um 20 vefi en ekki liggja fyrir mælingar á notkun þeirra allra. Taflan hér að ofan sýnir mældu notkun á nokkrum af vefjum stofnunarinnar.



Á myndinni má sjá stýrihóp um máltækni fyrir íslensku: Áslaugu Döru Eyjólfsdóttur; Davíð Þorláksson, formann, Birnu Ósk Einarsdóttur og skýrsluhöfundana Önnu Björk Nikulásdóttur, Jón Guðnason og Steinþór Steingrímsson. Auk þeirra eru á myndinni Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, Halldór Benjamin Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins og Eiríkur Rögnvaldsson, formaður starfshóps um stöðu og framtíð menntunar á sviði máltækni. Á myndina vantar tvo meðlimi stýrihópsins, þau Guðrúnu Nordal og Pétur Reimarsson.

MÁLTÆKNIÁÆTLUN 2018–2022

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum kom að gerð verkáætlunar til fimm ára um máltækni fyrir íslensku. Þar eru skilgreind forgangsverkefni í máltækni fyrir íslensku og lagðar fram tillögur um hvernig framkvæma skuli máltækniáætlunina.

Haustið 2016 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra stýrihóp til að hafa umsjón með gerð fjárhags- og verkáætlunar fyrir fimm ára máltækniáætlun. Stýrihópurinn kallaði saman vinnuhóp þriggja sérfræðinga í máltækni sem hófu störf í upphafi árs 2017. Þeir eru Steinþór Steingrímsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og tveir sérfræðingar úr Háskólanum í Reykjavík, Jón Guðnason og Anna Björk Nikulásdóttir.

Vorið 2017 skilaði hópurinn af sér ýtarlegri skýrslu með verkáætlun til fimm ára og var þar gert ráð fyrir að vinna hæfist árið 2018. Lagt var til að fjórar opnar kjarnalausnir í máltækni verði smíðaðar á tímabilinu:

- talgreinir
- talgervill
- þýðingarvél
- málrýnir

Grunnforsenda fyrir því að hægt sé að búa til máltækni-verkfæri er að fyrir hendi séu gagnasöfn og stoðtöl. Nauðsynlegri vinnu á því sviði er einnig lýst í skýrslunni. Auk verkáætlunar voru gerðar tillögur um tilhögun áætlunarinnar og gerð grein fyrir hvernig staðið hefur verið að sambærilegum áætlunum í öðrum löndum.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur er því lýst yfir að máltækniáætlunin verði fjármögnuð. Vinna innan áætlunarinnar hefst á síðari hluta árs 2018. Gera má ráð fyrir að nokkur hluti þeirra rúmlega 60 verkefna sem lýst er í máltækniáætluninni verði unnin á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum en á stofnuninni er mikil þekking og reynsla á þessu sviði, sérstaklega af uppbyggingu mállegra gagnasafna.



Hér má sjá síðu úr víðförullri endurgerð Flateyjarbókar. Upprunalega handritið er tryggilega varðveitt í handritageymslu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og bíður viðgerðar.

GAGNASÖFN

Handrit

Hákon Heimir Kristjánsson færði stofnuninni fimm handrit að gjöf 21. desember og voru þau afhent með viðhöfn. Handritin eru frá 18. öld og fyrri hluta 19. aldar og hafa að geyma Íslendingasögur o.fl. sögur, Inntak sögubrotins af Víga-Styr eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík og vikusálma. Einnig færði Vésteinn Ólason stofnuninni handrit með kvæðum frá síðari hluta 19. aldar.

Áfram er haldið að bæta ljósmyndum af handritum stofnunarinnar á vefinn handrit.is. Meðal handrita sem bættust við árið 2017 eru konungsersemarnar GKS 1002 fol. og GKS 1003 fol., stór skinnhandrit frá 17. öld með Grettlu, Njálu og mörgum öðrum sögum. Verkefnið handrit.is er unnið í samstarfi við Landsbókasafn og Árnasafn í Kaupmannahöfn. Á árinu var leyst úr ákveðnum tæknilegum hnökrum og hefur

Árnasafn síðan verið stórtækt í að auka inn myndum af sínum handritum. Miðaldahandrit sem aðgengileg eru í heild sinni á handritavefnum skipta núna hundruðum og handrit frá síðari öldum eru enn fleiri.

Ljöglega 100 fornbréf voru skráð í handrit.is á árinu auk skjalabókar með 56 skjölum. Tvö stór sagnahandrit voru ýtarlega skráð í grunninn auk fleiri handrita. Einnig voru eldri skráningarfærslur auknar, endurbættar og lagfærðar og unnið í nafnaskrár og efnisorðum. Þá fór af stað vinna við undirbúning sérstaks gagnagrunns um fornbréf úr safni Árna Magnússonar.

Forverðir stofnunarinnar, Signe Hjerrild Smedemark og Vasare Rastonis, unnu áfram að öskjun handrita og forvörslu pappírshandrita. Signe hætti störfum í mars en Vasare kom til starfa í október.



Ritöld er hafin í grunninum að Húsi íslenskunnar. Fyrsta skóflustungan var tekin í mars 2013.

Mál og orðaforði

Söfn Orðabókar Háskólans

Stofnunin varðveitir seðlasöfn Orðabókar Háskólans með heimildum um íslenskan orðaforða. Ritmálssafnið er stærst þeirra með notkunardæmi um íslensk orð í ritum frá tímabilinu 1540 til síðari hluta 20. aldar, alls um 2,5 milljónir seðla með dæmum um nærri 700 þúsund orð. Verulegur hluti efnisins er öllum aðgengilegur til leitar eftir uppflettiorðum á vefsíðu stofnunarinnar www.arnastofnun.is/page/ritmalssafn og í Íslensku textasafni má auk þess leita innan dæmasafnsins (eftir stafastrengjum). Gagnagrunnur ritmálssafnsins þarfnast endurnýjunar, bæði til að tryggja varðveislu gagnanna og til að greiða fyrir frekari þróun safnsins, auk þess sem brýnt er að smíða nýtt vefviðmót fyrir safnið svo að hægt verði að veita betri aðgang að því og gefa kost á fjölbreytilegri leit í gögnunum. Unnið var að úrbótum á þessu sviði á árinu 2017 og stefnt er að því að flyta öll rafræn gögn úr ritmálssafninu í nýjan gagnagrunn og opna hann með nýju vefviðmóti 2018.

Önnur söfn eru svonefnt talmálssafn með umsögnum heimildamanna um orð og orðanotkun í mæltu máli og ýmis smærri sérsöfn sem mörg hver eiga rætur í gömlum orðabókum eða orðabókahandritum.

Íslenskt textasafn

Íslenskt textasafn geymir texta frá ýmsum tímum en einkum frá síðustu áratugum. Safnið hefur stækkað talsvert á undanförunum árum og í því eru nú alls um 93 milljónir lesmálsorða. Umsjónarmaður textasafnsins er Þórdís Úlfarsdóttir.

Mörkuð íslensk málheild

Mörkuð íslensk málheild (MÍM) hefur að geyma um 25 milljónir orða úr fjölbreyttum textum þar sem orðin eru greind málfræðilega og hverjum texta fylgja bókfræðilegar upplýsingar um verkið sem textinn er úr. Málheildin er ætluð fyrir málrannsóknir og til notkunar í máltækni verkefnum. Málheildin er aðgengileg til leitar á vef stofnunarinnar mim.arnastofnun.is og einnig má sækja texta hennar í sérstöku xml-sniði af vefsetrinu malfong.is. Á málheildarsíðunni má einnig leita í textum Íslenskrar orðtíðnibókar og safni texta úr fornritum.

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BÍN) er gagnasafn um beygingarmyndir íslenskra orða sem upprunalega var unnið til máltækni greiningar á íslenskum textum. Í safninu eru

nú u.þ.b. 280 þúsund beygingardæmi og u.þ.b. 5,8 milljónir beygingarmynda. Beygingardæmin eru birt á vefsíðunni bin.arnastofnun.is og þangað má einnig sækja gögnin í heild til afnota í máltækniverkefnum gegn því að samþykkja skilmála um notkun þeirra. Heimsóknir á síðuna á árinu 2017 voru 768.244, flettingar 1.533.434 og gestir 170.910. Ritstjóri og umsjónarmaður BÍN er Kristín Bjarnadóttir.

Íðorð

Ágústa Þorbergsdóttir er ritstjóri Íðorðabanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (ordabanki.hi.is). Um 50 orðasöfn eru í birtingarhluta hans. Unnið var að endurbótum og viðbótum við ýmis íðorðasöfn, t.a.m. í læknisfræði og íðorðaskrána Plöntuheiti.

Málfarsbankinn

Ritstjóri er Jóhannes B. Sigtryggsson. Í Málfarsbankanum er hægt að slá inn leitarorð sem lúta að málnotkun og finna úrlausnir sem teknar hafa verið saman. Alls er þar að finna um 8.000 flettugreinar (málfarsábindingar og úrlausnir). Á árinu var gert sérstakt átak með styrkjum úr Nýsköpunarsjóði og Málræktarsjóði þar sem innihaldið var yfirfarið, flokkaskipting endurskoðuð, bætt við nýjum greinum úr málfarsráðgjöf og gætt að samræmi við ritreglur Íslenskrar málnefndar (2016). Oddur Snorrason BA-nemi í íslensku vann síðasta sumar við endurskoðunina fyrir styrk úr Nýsköpunarsjóði en Hulda Óladóttir MA tók síðan við keflinu og vann í vetur við endurskoðunina fyrir styrk úr Málræktarsjóði.

Stafsetningarorðabókin

Rafræn gerð Stafsetningarorðabókarinnar (1. útgáfu) er í opnum og ókeypis aðgangi á snara.is. Jóhannes B. Sigtryggsson er ritstjóri 2. útgáfu sem kom út 2016 á málið.is. Á árinu var unnið áfram að viðbótum við orðabókina og útfærslu á tengingu flettna í henni við nýlegar ritreglur Íslenskrar málnefndar.

Þjóðfræði

Eins og undanfarin ár söfnuðu nemendur Gísla Sigurðssonar í námskeiðinu Söfnun þjóðfræða við þjóðfræðadeild HÍ efni sem þeir lögðu inn í þjóðfræðasafnið ásamt uppskriftum. Sigurður Sigurðarson dýralæknir afhenti safninu upptöku og myndir sem hann tók í maí 1984 á Uppsölum í Selárdal, þar

sem heyrist meðal annars orgelleikur Gísla á Uppsölum. Þá afhentu bæði Grétar Jónsson á Hávarsstöðum í Leirársveit og Sveinn Ólafsson í Reykjavík snældur með upptökum á kveðskap.

Rósa Þorsteinsdóttir hefur haldið áfram afritun og skráningu á eldra efni og ýmsum leiðréttingum og lagfæringum á Ísmús (www.ismus.is). Þrjár pantanir á afritum voru afgreiddar, ein til nota við rannsóknir, ein til að nota á sýningu á Byggðasafni Vestfjarða og ein til skemmtunar en í því tilfelli hafði viðkomandi ekki aðgang að tölvu og gat þess vegna ekki nýtt sér efnið á Ísmús. Slíkum afgreiðslum fækkar sífellt þar sem flestir geta notað Ísmús til að hlusta og hlaða niður efni.

Örnefni í Sarpi

Nafnfræðisvið Árnastofnunar er aðili að gagnasafninu Sarpi (www.sarpur.is) sem er í sameign nokkurra safna á Íslandi, þar á meðal Þjóðminjasafns Íslands, Minjasafns Reykjavíkur, ýmissa minja- og byggðasafna víðs vegar um landið, listasafna o.fl. Hluti af örnefnaskrá Árnastofnunar er þegar kominn í gagnagrunninn og hægt að leita þar að örnefnum og öðru tengdu efni. Takmarkið er að allar örnefnaskrár verði aðgengilegar þar innan fárra ára. Nú þegar er meginhluti örnefnaskráa aðgengilegur á rafrænu formi sem pdf-skjöl. Tekið er á móti beiðnum um afrit af örnefnaskrá á netfanginu nafn@arnastofnun.is.

Gagnabankar á alþjóðasviði

Alþjóðasvið annast gagnabanka um erlenda háskóla þar sem íslenska er kennd, bæði fornmal og nútímamál. Upplýsingar um 76 háskóla sem kenna forníslensku og 48 skóla sem kenna nútímaíslensku eru aðgengilegar í gagnabankanum og eru vistaðar á heimasíðu stofnunarinnar. Ingibjörg Þórisdóttir sá um að uppfæra upplýsingarnar á árinu. Slóðin er: www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_íslenska_erlendis.

Á alþjóðasviði er einnig haldið utan um gagnabanka um fræðimenn í íslenskum fræðum. Í gagnabankann eru skráðir um sjö hundruð fræðimenn í íslenskum fræðum víða í heiminum. Guðrún Laufey Guðmundsdóttir sá um að uppfæra upplýsingarnar. Slóðin er: www.arnastofnun.is/page/fraedimannaskra.



RANNSÓKNIR OG ÚTGÁFA

Rannsóknarbókasafn

Skráður eintakafjöldi bókasafnsins um áramót var 45.678 eintök bóka, korta og tónlistarefnis. Keypt voru 219 eintök bóka og 99 bárust að gjöf frá vinum og velunnurum eða í ritaskiptum. Auk þess kaupir safnið rúmlega 50 íslensk og erlend tímarit á fræðasviði sínu. Að auki bárust 13 gamlar prentaðar bækur að gjöf frá Hákonni Heimi Kristjónssyni. Bækurnar eru gefnar út á árunum 1688–1898.

Rannsóknarbókasafnið nýtur tveggja bókasjóða, þeirra Þorsteins M. Jónssonar og Sigurjónu Jakobsdóttur og Birgít Baldwin, sem hefur reynt ómetanlegt og gert kleift að kaupa flestallar fræðibækur sem skipta máli fyrir rannsóknir á fræðasviðum stofnunarinnar.

Stofnunin á aðild að Landskerfi bókasafna og Landsaðgangi að rafrænum áskriftum (hvar.is). Öll rit bókasafnsins eru skráð í Gegni og leitarhæf á leitir.is. Lán sem skráð voru í Gegni voru 2027, að mestu innanhússlán, en fjöldi skráðra lánþega safnsins í Gegni voru um 80. Þessar tölur segja þó ekki allan sannleikann um notendur safnsins þar sem innanhússlán fara ekki nærri öll um útlánakerfið. Safninu berast jafnan fyrirspurnir og beiðnir um upplýsingar úr ritum þess og er þeim svarað jafnóðum, oftast með tölvupósti. Sem fyrr var mikið og gott samstarf um millisafnalán við Handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Ávallt er mikil spurn eftir vinnuaðstöðu á lessölum stofnunarinnar, jafnt frá innlendum sem erlendum fræðimönnum, nýdöktorum og doktorsnemum. Um 60 manns nýttu sér

aðstöðuna og bókasafnið í Árnagarði og á Laugavegi 13 um lengri eða skemmri tíma en pláss er fyrir u.þ.b. 35 gesti í einu á báðum stöðum ef þröngt er setið.

Útgáfur á árinu

Orðasafn í líffærafræði III

Í desember kom út *Orðasafn í líffærafræði III*. Æðakerfið. Enska – íslenska – latína. 2017. Fyrsta útgáfa. Jóhann Heiðar Jóhannsson (ritstj.). Ritstjórn: Hannes Petersen, Jóhann Heiðar Jóhannsson, Ágústa Þorbergsdóttir. Íorðarrit Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 5. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Í orðasafninu eru 487 hugtök. Gefin eru ensk, íslensk og latnesk heiti á slagæðum, bláæðum og vessaæðum mannsins.

Bundið í orð

Greinasafnið *Bundið í orð* eftir Jón Hilmar Jónsson, prófessor emeritus, kom út í árslok. Í safninu eru þrettán greinar um orðabókagerð og orðabókafræði, ritaðar á árunum 1990–2017. Sú nýjasta var skrifuð sérstaklega fyrir ritið en aðrar hafa birst áður í innlendum og erlendum tímaritum eða greinasöfnum. Efni greinanna endurspeglar viðfangsefni og rannsóknir höfundar í starfi hans við Orðabók Háskólans og síðar á orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Ritið var gefið út í tilefni af sjötugsafmæli höfundar 2. janúar 2017. Ritstjóri: Ásta Svavarsdóttir.

Greinasafn Jóns Hilmars Jónssonar,
Bundið í orð, kom út í árslok 2017.
Aðrar útgáfur ársins eru fimm talsins.



Katrínar saga

Í ritinu eru birtir þrjár textar sem allir fjalla um heilaga Katrínu. Sagan um hana varð til í Austurlöndum á sjöttu eða sjöundu öld og er upphaflega skrifuð á grísku. Síðan var hún þýdd á latínu og ýmsar evrópskar þjóðtungur, þar á meðal á íslensku. Íslenska þýðingin er varðveitt í heilu lagi í handriti frá miðri 15. öld og í brotum frá miðri 14. öld til 1500. Elsti varðveitti textinn, sem vantar upphafið, er prentaður á vinstri síðu í opnu og hægra megin heili textinn með lesbrigðum úr öðrum handritum fyrir neðan. Þar undir er prentaður latneskur texti sem útgefandi hefur sýnt fram á að komi næst íslensku þýðingunni. Í handriti frá því um 1500 er frásögn um flutning helgra dóma Katrínar og jarteiknir hennar. Þessi texti er að mestu leyti þýddur úr latínu og eru textarnir gefnir út saman á síðu á eftir *Katrínar sögu*. Í lok bókarinnar er prentað les heilagrar Katrínar á latínu úr handritsbrotinu Þjms. 243. Þetta er texti sem ætlaður var til upplestrar á messudegi heilagrar Katrínar. Katrínarlesið sem birtist hér fyrsta sinni á prenti er mikil stytting á upprunalega latneska textanum sem til sammanburðar er prentaður neðanmáls. Útgáfuna önnuðust Bjarni Ólafsson, fyrrverandi íslenskukennari við Menntaskólann við Hamrahlíð og Þorbjörg Helgadóttir, ritstjóri við Ordborg over det norrøne prosasprog í Kaupmannahöfn. Guðvarður Már Gunnlaugsson er ritstjóri.

Fjölnisstafsetningin

Í bókinni, *Fjölnisstafsetningin, hliðarspor í sögu íslenskrar stafsetningar*, er fjallað um helstu atriði þeirra stafsetningar- nýjunga sem boðaðar voru í grein sem birtist árið 1836 í Fjölni. Gunnlaugur Ingólfsson, er bjó bókina til prentunar, rekur einnig viðbrögð við nýjungunum, svo og áhrif og afdrif þeirra. Bókin byggist að miklu leyti á ritmiðum sem hafa ekki fyrr komið út á prenti heldur hafa legið í handriti og eru varðveittar í handritadeild Landsbókasafns – Háskólabókasafns.

Tímarit

Gripla 2017

Gripla 2017 kom út í desember í ritstjórn Rósu Þorsteindóttur og Emily Lethbridge. Í heftinu er að finna átta fræðigreinar, fjórar á íslensku og fjórar á ensku, og eina textaútgáfu. Viðfangsefni greinanna er fjölbreytt og tilheyrir mörgum sviðum: þjóðfræði, bókmenntafræði, handritafræði, svo og sögu íslensks máls. Romina Werth og Aðalheiður Guðmunds-

dóttir fjalla um framlag kvenna til söfnunar þjóðsagna á Austurlandi. Joanne Shortt Butler skrifar um sagnapersónuna Þorstein Kuggason og ímyndunarfl höfundu Íslendingasagna. Þórdís Edda Jóhannesdóttir skoðar gerðir Jómsvikinga sögu í miðaldahandritum. Rebecca Merkelbach notar hugtök um skrimli til að túlka Grettis sögu Ásmundarsonar og einkenni Grettis og annarra útlaga í Íslendingasögum. Aðalsteinn Hákonarson fjallar um ritun og framburð orða eins og *fé, mér* og *sér* í ljósi athugasemda Brynjólfs Sveinssonar frá árinu 1651. Stefan Drechsler skoðar myndskreytingar handrita á vestanverðu Íslandi á 13. öld og í upphafi 14. aldar og Natalie M. Van Deusen gefur út texta kvæðisins „Sprundahrós“, varðveittan í pappirshandritunum ÍB 850 8vo, JS 255 4to og JS 589 4to, ásamt inngangi. Í heftinu er að auki grein um samtöl í Íslendingasögum eftir Theodore M. Andersson. Þar má einnig finna grein eftir Má Jónsson um „þetabrotið“ og hið glataða Gullskinnuhandrit af Njáls sögu.

Orð og tunga

Tímaritið Orð og tunga 19 (2017) kom út 29. júní í ritstjórn Ara Páls Kristinssonar. Þetta er að því leyti þemahefti að umfjöllunarefnið í 5 greinum af 7 er íslenskt mál og málsamfélag á 19. öld. Grein Öldu B. Möller um íslenskukennslu í Bessastaðaskóla 1806–1846 og á fyrstu árum Reykjavíkurskóla lýsir rannsókn sem Alda gerði á frumgögnum um skólastarfið og þá móðurmálskennslu sem þar fór fram. Í grein Ástu Svavarsdóttur, um tengsl íslensku og dönsku á 19. öld og áhrif þeirra, er rýnt í erlend áhrif á íslenskan orðaforða, annars vegar með samfélagsaðstæður og viðhorf í huga og hins vegar beinlínis út frá því hvernig málið er notað í textum frá þessum tíma. Haraldur Bernharðsson fjallar um nokkur málfarsatriði í skáldsögunni Pilti og stúlku, annars vegar í útgáfunni 1850 og hins vegar 1867. Með sammanburðinum leiðir Haraldur fram tvö stig málstaðalsins sem var í mótnun, ásamt því að setja ævi og ritstörf Jóns Thoroddsens í samfélagslegt samhengi. Heimir van der Feest Viðarsson kannar nákvæmlega þrjú málnotkunaratriði í 189 skólaritgerðum úr Reykjavíkurskóla og þær leiðréttingar sem kennararnir gerðu. Í grein Jóhannesar B. Sigtryggssonar er fjallað um réttitrunarhugmyndir eins afkastamikils höfundar og fræðimanns á 19. öld, Jóns Þorkels-sonar. Í grein Antons Karls Ingasonar og Einars Freys Sigurðssonar sést að nauðsynlegt getur verið að hafa aðgang að feiknastórum málhildum þegar málfræðirannsóknir beinast að fyrirbærum sem koma tiltölulega sjaldan fyrir í málnotkun.

Guðlaugur Rúnar Guðmundsson fjallar um þau örnefni sem breska og bandaríska hernámsliðið skráði á kort og notaði í Reykjavík og nágrenni á hernámsárunum. Aftan við fræðigreinarinnar í tímaritinu er stutt frásögn um nýjar íslenskar ritreglur sem mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsti 2016, að tillögu íslenskrar málnefndar.

Rannsóknarverkefni

Sturlunga saga

Guðrún Ása Grímsdóttir vinnur að útgáfu á Sturlunga sögu fyrir Hið íslenska fornritafélag. Í útgáfunni er reynt að láta texta beggja skinnbókanna, Króksfjarðarbókar og Reykjarfjarðarbókar, njóta sín og því verða til að mynda birtir textar þeirra beggja af Guðmundar sögu dýra og Svínfellinga sögu. Í viðauka verða Hrafn saga Sveinbjarnarsonar og Arons saga og enn fremur brot úr Þorgils sögu skarða og áður óbirt textabrot úr Guðmundar sögum eftir Reykjarfjarðarbók.

Heildarútgáfa á verkum Hallgríms Péturssonar

Unnið er að fimmta bindinu í heildarútgáfu á verkum Hallgríms Péturssonar. Um útgáfuna sér Margrét Eggertsdóttir.

Fragments from a Nordic book culture

Verkefnið sem var unnið á árunum 2013–17 snerist um að rannsaka handritabrot á latínu varðveitt á Norðurlöndum og sögulegt hlutverk þeirra: allt frá gerð bókar þar til henni var eytt að mestu. Verkefnið snerti því bóksögu miðalda og söfnunarstarf eftir siðbreytinguna á 16. öld. Verkefnisstjórar voru Tuomas Heikkilä og Áslaug Ommundsen en aðrir þátttakendur voru Gisela Attinger, Guðvarður Már Gunnlaugsson, Jan Brunius, Michael H. Gelting, Michael Gullick, og Ville Walta. Verkefninu lauk með útkomu bókarinnar *Nordic Latin Manuscript Fragments. The Destruction and Reconstruction of Medieval Books* (ritstj. Áslaug Ommundsen og Tuomas Heikkilä, Routledge, London, 2017).

Skáldskaparmálið í sögum um Ísland

Þetta rannsóknarverkefni hlaut þriggja ára styrk úr Rannsóknarsjóði Rannis árið 2016. Verkefnið snýst um að greina kveðskap sem er að finna í íslenskum miðaldasögum um Ísland. Beitt verður aðferðum rafrænna hugvísinda. Verkefnið byggist á því viðamikla rafræna gagnasafni („big data“) sem

hefur orðið til í alþjóðlega útgáfuverkefninu *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages* (the Skaldic Project – <http://abdn.ac.uk/skaldic>) og á þeirri nákvæmu greiningu á myndmáli, tungumáli og bragfræði sem þar liggur til grundvallar og gerir nýjar og róttækar rannsóknarspurningar mögulegar. Rannsóknarverkefnið snýr að gagnagreiningu en einnig að rannsókn á myndmáli, tungumáli og bragfræði kveðskapar í þeim sögum sem skrifaðar voru um íslenska viðburði og væntanlega fyrir íslenska áheyrendur sérstaklega. Hið einstaka gagnasafn býður einnig upp á samanburð við kveðskap frá 9.–11. öld í öðrum sögum sem skrifaðar voru á Íslandi og í Noregi. Rannsóknarverkefnið er það fyrsta í sinni röð sem nýtir sér þennan gagnagrunn til að skoða málfraðileg einkenni, bragfræði og myndmál. Verkefnisstjóri er Guðrún Nordal, en samverkamenn eru Tarrin Wills (Kaupmannahafnarháskóla), Klaus Johan Myrvoll (Óslóarháskóla), Soffía Guðný Guðmundsdóttir (Árnastofnun) og Ármann Jakobsson (Háskóla Íslands).

Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages

Guðrún Nordal er einn ritstjóra heildarútgáfu dróttkvæða en út eru komin fimm bindi (1., 2., 3., 7. og 8. bindi) og önnur fimm langt komin auk skráa. Aðrir í ritstjórn eru Margaret Clunies Ross, Kari Ellen Gade, Edith Marold, Diana Whaley og Tarrin Wills. Aðstoðarmaður Guðrúnar er Soffía Guðný Guðmundsdóttir sem vinnur auk þess í verkefninu *Skáldskaparmálið í sögum um Ísland*. Á árinu var haldinn árlegur ritstjórnarfundur í Kaupmannahöfn. Heimasíða verkefnisins: <http://abdn.ac.uk/skaldic>.

Í fótspor Árna Magnússonar

Verkefnið lýtur stjórn forstöðumans Árnastofnunar, Guðrúnar Nordal, og er styrkt af Eimskipasjóði og einnig Landsbanka Íslands og Eimskipafélagi Íslands. Að því koma þrjú doktorsnemar við Háskóla Íslands, Katelin Marit Parsons, Ryan Eric Johnson og Ólafur Arnar Sveinsson. Á árinu 2017 var höfuðáherslan lögð á handrit í einkaeigu enda eru þau í mestri hættu við að skemmast eða glatast. Söfnunin teygði sig til átta fylkja og ríkja í Kanada og Bandaríkjunum. Um 10.000–15.000 handritamyndir söfnuðust á árinu. Einnig var komið á fót samvinnu við bóka-, skjala- og minjasöfn vestanhafs um að gera íslenskt efni í eigu þessara stofnana aðgengilegt fræðimönnum á Íslandi í stafrænu formi.

Hið glataða Njáluhandrit Gullskinna

Markmið verkefnisins, sem hófst árið 2015, er að rannsaka varðveislusögu Njáluhandrita á síðari öldum. Það nýtur styrks frá Rannis og er unnið í samvinnu við Háskólann í Leeds. Tveir meginþættir verkefnisins eru að búa til ættartré Gullskinnuhandrita og að greina notkun nokkurra orðhluta- og setningafræðilegra breytna hjá ólíkum skrifurum. Megináhersla á árinu var lögð á textafræðilegar rannsóknir sem náðu yfir bæði nákvæma skoðun á einstökum 17. og 18. aldar handritum og samanburð á stuttum textabútum í öllum handritunum. Verkefnisstjóri er Ludger Zeevaert en aðrir þátttakendur eru Margrét Eggertsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir og Alaric Hall.

*Variance in the *Gullskinna-branch of Njáls saga*

Susanne M. Arthur hlaut styrk úr Nýdoktorasjóði Háskóla Íslands til þriggja ára til að rannsaka breytileika í vísum og kaflaskiptingu Njáluhandrita. Í verkefninu er sérstök áhersla lögð á handrit sem komin eru af hinu týnda handriti Gullskinnu. Susanne hefur rannsóknaraðstöðu á stofnuninni og vinnur í nánu samstarfi við þá fræðimenn sem standa að verkefninu *Hið glataða Njáluhandrit Gullskinna*.

Konungsbók Snorra-Eddu

Konungsbók Snorra-Eddu (GKS 2367 4to) er eitt elsta handrit Snorra-Eddu og það sem venjulega er lagt til grundvallar við útgáfur verksins. Rannis hefur veitt styrk til rannsókna á handritinu og felur verkefnið í sér þrjú markmið. Í fyrsta lagi að gefa út nýja rafræna útgáfu af handritinu með þeim aðferðum sem nú þykja bestar. Í öðru lagi að rannsaka rithátt og stafsetningu handritins í því augnamiði að varpa ljósi á forrit þess. Þannig munum við öðlast aukna þekkingu á handritahefð Snorra-Eddu og tengdra verka. Í þriðja lagi eru handrit sem runnin eru frá Konungsbók könnuð og gildi þeirra ákvarðað í þeim tilfellum þar sem texti hefur glatast úr GKS 2367 4to. Haukur Þorgeirsson stýrir verkefninu en meðal starfsmanna þess 2017 voru Michael MacPherson, Alec Shaw og Lee Colwill. Lokið hefur verið við uppskrift textans en greiningarvinna heldur áfram.

Sjálfsmyndir, imyndir og félagsleg vitund í síðabókmenntum og tækifærstextum árnýaldar

Meginmarkmið verkefnisins, sem unnið er af Þórunni Sigurðardóttur, er að rannsaka síða- og hegðunarreglur og skyldar

bókmenntagreinar sem varðveittar eru í íslenskum handritum frá árnýöld, og sýna fram á tengsl þessara bókmennta við mótun sjálfsmynda ráðandi stétta og við félagslegt og menningarlegt valdakerfi í landinu. Með þessu er jafnframt komið á framfæri bókmenntum sem hafa litla athygli fengið en eiga þó mikilvægan þátt í mótun hugmynda okkar um kynferði og félagsvitund. Lykilspurningar verkefnisins eru: Í hvers konar umhverfi þróuðust hugmyndir um kynferði og samskipti kynjanna, félagsvitund og menningarleg viðmið? Hvernig birtast þessar hugmyndir í samtímatextum? Á hvaða hátt endurspeglar textarnir viðhorf og hugmyndir fólks á árnýöld? – Þá er ætlunin að gefa út valda texta, sem ekki hafa áður verið prentaðir en eru mikilvægur hluti af bókmenningu síðari alda og tengja þá sambærilegum bókmenntum í Norður-Evrópu.

Sögurnar í AM 510 4to

Þórdís Edda Jóhannesdóttir hlaut styrk til þriggja ára frá Rannis til að rannsaka sagnahandritið AM 510 4to frá 16. öld. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á bókmenntasögulegt samhengi handritsins og kanna breytileika einstakra sagna í samanburði við eldri uppskriftir. Um leið er unnið að rafrænum útgáfum á textum þriggja sagna eftir handritinu.

Gullstaðall – staðalmálheild fyrir þjálfun markara

Unnið hefur verið að gerð nýrrar staðalmálheildar fyrir íslensku. Hún byggist á úrtaki úr *Markaðri íslenskri málheild* með um einni milljón orða sem hafa verið málfræðilega mörkuð á vélrænan hátt. Mörkin eru leiðrétt handvirkt og með hálfsjálfvirkum aðferðum fyrir staðalmálheildina. Markmiðið er að búa til hæfilegt safn texta sem eru rétt markaðir og nota má til þess að þróa markara fyrir íslensku, þ.e. máltækniþól til vélrænnar mörkunar. Á árinu var lokið við villuleit og leiðréttingar. Steinunn Valbjörnsdóttir og Jón Friðrik Daðason unnu síðast að verkefninu og Sigrún Helgadóttir hefur haft umsjón með því ásamt Eiríki Rögnvaldssyni frá Háskóla Íslands.

Íslensk nútímamálsorðabók

Íslensk nútímamálsorðabók er ný einsmálsorðabók sem byggist að miklu leyti á ISLEX-verkefninu. Í henni verða 50 þúsund uppflettiorð með íslenskum skýringum ásamt fjölda orðasambanda og notkunardæma. Einnig eru í orðabókinni myndskreytingar og hljóðdæmi fyrir öll uppflettiorðin. Vinna

við verkefnið hefur haldið stöðugt áfram á árinu og er það langt á veg komið. Orðabókina má nálgast gegnum vefgáttina málið.is og einnig á vefsíðunni islenskordabok.is. Ritstjórar orðabókarinnar eru Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir.

Íslenskt orðanet

Íslenskt orðanet er rafrænt orðabókaverk sem birt er á vef stofnunarinnar. Það má einnig nálgast gegnum vefgáttina málið.is. Í orðanetinu eru innbyrðis vensl orða og orðasambanda í brennidepli og öll greining og flokkun er að miklu leyti byggð á fjölbreyttum og aðgengilegum textagögnum. Flettur í orðanetinu eru alls rösklega 200 þúsund, þar af tæpur helmingur fleiryrtar. Á árinu var unnið að lokafrágangi vefsíðunnar og að frekari efnisöflun og greiningu. Jón Hilmar Jónsson er ritstjóri og aðalhöfundur orðanetsins og Bjarki Karlsson hefur annast forritun og tæknivinnu.

ISLEX

ISLEX er veforðabók milli íslensku og fimm norrænna mála (dönsku, norsku (bókmáls og nýnorsku), sænsku og færeysku) sem unnin hefur verið í samvinnu stofnunarinnar og háskóla- og rannsóknarstofnana á Norðurlöndum. Orðabókin er opin og aðgengileg án endurgjalds á vefnum islex.is.

Þýðingum á finnska markmálinu, sem unnið er að í samstarfi við Helsinkiháskóla, miðaði vel á árinu og fékkst styrkur frá norrænu tungumálaáætluninni (Nordplus Sprog) til að undirbúa opnun íslensk-finnsku orðabókarinnar. Einnig var stöðugt unnið að lagfæringum, viðbótum og uppfærslum á öðrum hlutum verksins. Notkun á ISLEX hefur aukist stöðugt frá því að orðabókin var opnuð síðla árs 2011 og var fjöldi notenda 170.000 árið 2017. Verkefnisstjóri ISLEX er Halldóra Jónsdóttir en Þórdís Úlfarsdóttir er aðalritstjóri.

ISLEX-venslamálfræði

Venslamálfræðin er lýsing á rökliðum sagna og setningarvenslum í föstum orðasamböndum í ISLEX. Gögnin munu nýtast í leitarvél, í málgreiningu og í samþættingu máltæknitóla. Verkið er liður í því að tengja saman rafræna orðabók og tölvutækan texta fyrir notendur þannig að þeir rati á réttan stað í orðabókinni, t.d. í viðamiklum orðabókargreinum. Fyrsti áfangi verksins, 13.133 færslur um rökliði sagna, var kynntur og gerður aðgengilegur í nóvember. Verkefnisstjóri er Kristín Bjarnadóttir.

LEXÍA

Íslensk-frönsk veforðabók er nú í smíðum hjá stofnuninni í samstarfi við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Ber hún vinnuheimild LEXÍA. Verkefnið er að miklu leyti fjármagnað með styrkfé frá Franska bókmenntasjóðnum (CNL) en það hefur einnig hlotið styrk frá Erasmus+ áætluninni og íslenskum stjórnvöldum. Í árslok 2017 var búið að vinna um 40% af orðabókinni. Verkefnisstjóri franska hlutans er Rósa Elín Davíðsdóttir. Aðalritstjóri er Þórdís Úlfarsdóttir.

Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfsmynd

Aðalmarkmið verkefnisins er að rannsaka vesturíslensku og þróun hennar og bera hana saman við þróun íslensku á Íslandi frá 19. öld til dagsins í dag. Í þessu sambandi er m.a. skoðað hvaða hlutverki tungumálið hefur gegnt í því að þróa og viðhalda menningarlegri sjálfsmynd Vestur-Íslendinga. Á árinu var unnið að greinum um helstu niðurstöður verkefnisins og útgáfu þeirra í bók 2018. Að verkefninu stendur hópur fræðimanna við stofnunina, Háskóla Íslands og fleiri rannsóknarstofnanir og það naut styrks úr Rannsóknasjóði 2013–2015. Ásta Svavarsdóttir og Úlfar Bragason sitja í stýrihópi verkefnisins og Úlfar er jafnframt einn ritstjóra greinasafnsins. Auk þeirra hafa Gísli Sigurðsson, Rósa Þorsteinsdóttir og Haraldur Bernharðsson átt aðild að verkefninu.

Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals

Rannsóknirnar beinast að samspili máls og málsamfélags og hvernig málþróunin, þar á meðal viðmið um góða og æskilega málnotkun, mótaðist af innri og ytri aðstæðum. Þær byggjast á tveimur gagnasöfnum, annars vegar einkabréfum og hins vegar blaða- og tímaritatextum frá 19. öld, auk annarra heimilda. Verkefnið er samstarfsverkefni málfræðinga við stofnunina, Háskóla Íslands, Uppsalaháskóla og Vrije Universiteit Brussel og það naut styrks úr Rannsóknasjóði 2012–2014. Meðlimir rannsóknarhópsins hafa fjallað um niðurstöður ýmissa rannsóknarþátta í fyrirlestrum og greinum og á árinu birtust fimm greinar sem tengjast verkefninu í tímaritinu *Orð og tunga*. Verkefnisstjóri er Ásta Svavarsdóttir og einnig sitja Jóhannes B. Sigtryggsson og Haraldur Bernharðsson í stjórn þess. Sjá nánar um verkefnið á vefsíðunni www.arnastofnun.is/page/LCLV19.

Málheild úr tímaritum og blöðum frá 19. öld og fyrri hluta 20. aldar

Á undanföllum árum hefur verið unnið við texta úr tímaritum og blöðum frá 19. öld og fyrri hluta 20. aldar. Úrval ljóslesinna texta var leiðrétt handvirkt eða (hálf)sjálfvirkt með stafsetningarleiðréttingarforritinu Skramba (Jón Friðrik Daðason) sem ræður bæði við nútímamálstexta og eldri texta. Forritið verður líka notað til þess að varpa textunum yfir á nútímastafsetningu svo að hægt sé að nota máltækniól, sem þróuð hafa verið fyrir nútímamál, til þess að marka textana málfræðilega með vélrænum aðferðum og leita í þeim með stöðluðum nútímamálsmyndum. Stefnt er að því að smíða jafnhliða málheild (e. parallel corpus) þar sem stafrétt útgáfa upprunalegu textanna verður tengd við staðlaða nútímamálsútgáfu þeirra og setja upp öflugt leitarkerfi fyrir hana. Ásta Svavarsdóttir og Sigrún Helgadóttir hafa umsjón með verkefninu í samvinnu við Steinþór Steingrímsson.

Málrómur

Málrómur er safn talskráa sem var safnað á árunum 2011–2012 á vegum Háskólans í Reykjavík og Máltækniisetsurs í samstarfi við Google. Tekin voru upp talsýni frá 563 þátttakendum, samtals 152 klukkustundir af tali og þær yfirfarnar. Þessar talskrár urðu aðgengilegar til nota við gerð máltæknióla á vefsetrinu málföng.is snemma árs 2017.

Risamálheild

Undanfarin tvö ár hefur verið unnið að smíði nýrrar risastórrar íslenskrar málheildar með um 1250 milljón orðum en það er 2500 sinnum meira en gögnin sem lágu til grundvallar *Íslenskri orðiðinibók* 1990. Textarnir í málheildinni eru flestir úr fjölmiðlum en einnig úr opinberum skrifum og smáræði úr útgefnum bókum. Textarnir eru málfræðilega markaðir og lemmaðir og eru leitarbærir í leitarvél með fjölbreyttum möguleikum, t.d. er hægt að leita eftir málfræðilegum einkennum, textategundum, orðasamböndum o.m.fl. Leitarvélin er sniðin að rannsóknum í málvísindum en þar sem í málheildinni er m.a. megnið af þeim textum sem hafa birst á íslenskum vefmiðlum frá upphafi er hún líka ómetanleg fyrir t.d. sagnfræðinga, stjórnmálafræðinga o.fl. Einnig verður hægt að sækja málheildina á formi sem hentar til nota í máltækni-verkefnum. Risamálheildin, sem hlaut styrk úr Innviðasjóði 2015 og frá menntamálaráðuneytinu 2017,

er samstarfsverkefni sérfræðinga í máltækni og málvísindum við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík en verkið er að mestu unnið á stofnuninni. Sigrún Helgadóttir hefur annast öflun texta og samninga um afnot þeirra og Steinþór Steingrímsson hefur haft umsjón með úrvinnslu textanna. Þá unnu Starkaður Barkarson og Gunnar Thor Örnólfsson við tiltekna verkþætti á árinu 2017. Fyrsta útgáfa málheildarinnar verður tilbúin í mars 2018.

Rafræn útgáfa á orðabók Sigfúsar Blöndals

Unnið er að rafrænni útgáfu *Íslensk-danskrar orðabókar* eftir Sigfúsi Blöndal, sem gefin var út á árunum 1920–1924. Bókin hefur verið ljóslesin og nú er unnið að því að marka flettur í orðabókinni þannig að hægt verði að leita í henni og rannsaka hana með sem fjölbreytilegustum hætti í sérsniðnu vefumhverfi. Verkefnið er unnið fyrir Dansk-íslenskan orðabókarsjóð (Blöndalssjóð) sem stendur straum af launum aðstoðarmanna. Kristján Friðbjörn Sigurðsson starfaði við verkefnið fram á haust, m.a. við þjálfun forrits í tengslum við textavinnsluna en í desember hóf Oddur Snorrason störf við yfirfærsluna. Auk þess vann Guðlaugur G. Eypórsson að forritun fyrir verkefnið. Umsjónarmenn eru Halldóra Jónsdóttir, Steinþór Steingrímsson og Þórdís Úlfarsdóttir.

Samhliða málheild fyrir vélþýðingar

Haustið 2017 hófst vinna við smíði samhliða málheildar fyrir vélrænar þýðingar. Málheildin inniheldur texta á íslensku og ensku þar sem setningar hafa verið paraðar saman. Málheildir á borð við þessa eru nauðsynlegar fyrir þróun gagnlegrar vélþýðingartækni fyrir íslensku. Rosileide Gomes Costa var ráðin til verkefnisins sem er stutt af menntamálaráðuneytinu og Máltækni-sjóði.

Skilningur almennings á íslensku lagamáli

Ari Páll Kristinsson hlaut styrk til verkefnisins úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands 2017. Markmiðið er að leita svara við spurningunni hvort íslenskir málnotendur geti auðveldlega skilið texta þeirra laga sem Alþingi hefur sett og borgararnir eiga að fara eftir. Þetta er samstarfsverkefni Ara Páls og Sigrúnar Steingrímisdóttur, málfræðings hjá Héraðsdómi Reykjavíkur. Birgitta Guðmundsdóttir, nemi í íslensku og málvísindum, og Olga Margrét Cilia, nemi í lögfræði, unnu

að rannsókninni 2017 og tóku viðtöl. Þetta er framhald af forrannsókn sem Birgitta og Olga Margrét gerðu 2016 undir leiðsögn Ara Páls og Sigrúnar með styrk úr Nýsköpunarsjóði.

e-Translation TermBank

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tekur þátt í Evrópuverkefninu eTranslation TermBank af hálfu Íslands. Alls taka átta þjóðir þátt í verkefninu, þ.e. Ísland, Danmörk, Svíþjóð, Austurríki, Slóvenía, Eistland, Litáen og Lettland sem fer með verkefnisstjórn en verkefnið nær þó til allra opinberra tungumála Evrópusambandsins auk norsku og íslensku. Verkefnið hefur það markmið að safna og koma upp íðorðamál-gögnum sem eiga að nýtast við þróun sjálfvirkra þýðinga í þeim tilgangi að bæta aðgengi að þjónustu milli tungumála og málsvæða. Í verkefninu er lögð áhersla á þrjú svið: heilbrigðismál, fjármál og neytendavernd. Verkefnið er mikilvægur þáttur í því að auðvelda aðgengi almennings að stjórnsýslu á þessum sviðum og jafnframt er það í samræmi við íslenska málstefnu um stuðning við uppbyggingu og þróun íslenskrar máltækni.

dataARC

dataARC er alþjóðlegt verkefni styrkt af National Science Foundation í Bandaríkjunum 2016–2020. Markmið þess er að gera gagnabanka á ýmsum sviðum (svo sem fornleifafraeði, umhverfisvísindum, jarðvísindum, sagnfræði og bókmenntafræði) opna og aðgengilega, og tengja þá saman til þess að geta betur svarað rannsóknasurningum um umhverfissögu Norður-Atlantshafssvæðisins. Aðalrannsakandi er dr. Colleen Strawhacker (National Snow and Ice Data Center, Colorado Háskóla, Boulder, en Emily Lethbridge er meðumsækjandi). Þátttakendur í verkefninu hittust í Reykjavík í október og einnig var þá haldinn opinn kynningarfundur þar sem sagt var frá viðfangsefninu og aðferðafræði verkefnisins.

Time, Space, Narrative and the Íslendingasögur

Emily Lethbridge og Gisli Sigurðsson stýra verkefninu með Torfa Tulinius. Það er styrkt af RANNÍS. Lokaráðstefna verkefnisins var haldin í Háskóla Íslands 17.–18. mars 2017. Gisli og Emily voru bæði í skipulagsnefnd ráðstefnunnar sem var vel sótt og fluttu 35 manns erindi. Emily Lethbridge ritstýrir væntanlegu ráðstefnuriti.

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri: Composition, Context, and Collection 1864–2014

Rósa Þorsteinsdóttir stýrir verkefninu með Terry Gunnell. Það er styrkt af RANNÍS. Rósa skipulagði, í tengslum við rannsóknarverkefnið, málþingið Íslenskar þjóðsögur og ævintýri: Tilurð, samhengi og söfnun 1864–2014 sem haldið var 14. janúar í Þjóðarbókhöðdu.

160 kvæðalög lðunnar

Rósa Þorsteinsdóttir stýrir verkefni Kvæðamannafélagsins lðunnar sem felst í útgáfu á 160 kvæðalögum úr segulbandasafni félagsins sem varðveitt er í Þjóðfræðisafninu. Áætlað er að útgáfan líti dagsins ljós vorið 2018.

Wikisaga, lýsandi heimildaskrá Egils sögu og Njáls sögu

Vefurinn wikisaga.hi.is er samstarfsverkefni stofnunarinnar og Háskóla Íslands. Hann geymir texta Egils sögu og Njáls sögu ásamt lýsandi heimildaskrá yfir fræðiskrif sem fjalla um söguna. Þar er hverju riti eða ritgerð um söguna lýst með útdrætti um efni hennar, bæði á íslensku og ensku. Vefnum er ætlað að greiða bæði Íslendingum og fólki hvar sem er í heiminum leið að þeim fjölbreyttu skrifum og túlkunum sem sögurnar hafa getið af sér. Svanhildur Óskarsdóttir er ritstjóri ásamt Jóni Karli Helgasynti, prófessor við Háskóla Íslands.

Bragi – óðfræðivefur

Á Braga eru nú skráð 3180 ljóð og 1776 lausavísur eftir 631 þekktan höfund og fjölda ókunnra. Sum kvæðanna eru aðeins bragtekin en allar lausavísur eru skráðar í heild. Megináhersla er sem fyrr lögð á að færa inn á Braga kveðskap milli 1400 og 1800 en því bókmenntaskeiði hefur hingað til hvað minnst verið sinnt í íslenski bókmenntasögu. Segja má að greining bragarhátta á kveðskap þessa tíma sé orðin nokkuð góð og vefurinn orðinn heppilegt tæki til að færa inn á hann flestallt bundið mál tímabilsins til frekari rannsókna. Ýmsir vankantar eru þó á vefviðmóti gagnagrunnsins og grunninum sjálfum og til þess að gera sér betur grein fyrir nauðsynlegum lagfæringum, svo að vefurinn gagnist sem best til fjölþættra rannsókna, hefur Bjarki Karlsson undanfarið unnið að þarfa-greiningu hans á vegum Óðfræðifélagsins Boðnar. Er þeirri vinnu nú að mestu lokið.

MIÐLUN OG KENNSLA

Ráðgjöf og leiðbeiningar

Málræktarsvið svarar geysimörgum fyrirspurnum um málfar árlega í síma og tölvupósti. Skriflegu spurningarnar berast helst gegnum netföng einstakra starfsmanna (agustath@hi.is, aripk@hi.is, johans@hi.is), netfangið malfarsradgjof@hi.is, netfangið arnastofnun@hi.is og veffangið arnastofnun.is. Ýmist er hringt í símanúmer malfarsráðgjafar (525-4430), til starfsmanna beint eða á skiptiborð stofnunarinnar sem beinir fyrirspyrjanda til starfsmanna sviðsins. Málræktarsvið heldur úti ýmsum vefsíðum með leiðbeiningum og ráðleggingum, m.a. um stafsetningu, stafróf og stafrófsröð, beygingu, ritreglur, umritunarreglur, ríkjaheiti og margt annað. Malfarsbankinn er meðal gagna sem leita má í á vefgáttinni málið.is.

Handritasýningar og safnkennsla

Á árinu voru handrit frá stofnuninni til sýnis á tveimur sýningum: á grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands, *Þjóð verður til*, og á sýningunni *Sjónarhorn* í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Á sýningunni *Sjónarhorn* er einnig til sýnis í um það bil eitt ár kjörgripur í sérstöku rými. Á árinu kom röðin að Árnastofnun að sýna kjörgrip og varð fyrir valinu handritið KBAAdd. 1 fol. og var sýningin opnuð með viðhöfn 11. maí 2017. Safnkennsla fór eingöngu fram í Safnahúsinu þar sem fjöldi nemenda, innlendra jafnt sem erlendra, fékk fræðslu um handritin á sýningunni. Safnkennari hefur aðgang að fræðslurými á jarðhæð hússins sem gerir honum kleift að veita nemendum dýrmæta viðbótarfræðslu um leyndardóma íslenskra miðalda-handrita, sem skrifuð voru á móðurmálinu, ritmenninguna í gegnum aldirnar, skreytilist, handritagerð, varðveislu þeirra fram á okkar daga og svona mætti lengi telja.

Í maí tók safnkennari, Svanhildur María Gunnarsdóttir, ásamt kynningarstjóra stofnunarinnar, Evu Maríu Jónsdóttur, þátt í Háskólalestinni sem er verkefni á vegum Háskóla Íslands. Áfangastaður lestarinnar að þessu sinni var Grunnskólinn í Sandgerði þar sem nemendur, sem höfðu valið að kynna sér leyndardóma handritanna fengu fræðslu. Laugardaginn 13. maí var svo efnt til vísindaveislu í hátíðarsal skólans. Þar gafst gestum á öllum aldri kostur á að kynnast margbreytilegum fræða- og vísindagreinum, s.s. efnifræði, blaða- og fréttamennsku og japönsku að ógleymdum íslenskum fræðum þar sem handritamenning fyrri alda kemur heilmikið við sögu. Vísindaveislan stóð frá kl. 11 til 17 og var sérstaklega vel sótt.



Jónína Leósdóttir rithöfundur leiðbeinir nemendum í sumarskóla.

Sumarskóli í handritafræðum

Dagana 7.–18. ágúst var 14. alþjóðlegi sumarskólinn í handritafræðum haldinn í Kaupmannahöfn. Að skólanum standa Árnastofnanirnar tvær í Reykjavík og Kaupmannahöfn og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn í samvinnu við Háskóla Íslands. Skólann sækja meistara- og doktorsnemar frá ýmsum löndum. Leiðbeinendur í skólanum af hálfu stofnunarinnar að þessu sinni voru Svanhildur Óskarsdóttir, Margrét Eggertsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir og frá Háskóla Íslands Guðrún Þórhallsdóttir og Haraldur Bernharðsson. Til að uppfylla þær kröfur sem háskólinn í Kaupmannahöfn gerir til sumarnámskeiða sem haldin eru á vegum hans voru gerðar nokkrar breytingar á fyrirkomulagi, t.d. var skólinn í tvær vikur með tveimur frídögum auk þess sem nemendur greiddu skólagjöld í samræmi við reglur Kaupmannahafnarháskóla.

Icelandic Online

Síðan 2005 hefur verið skilyrði fyrir þátttöku í alþjóðlegu sumarnámskeiði í íslensku við Háskóla Íslands að hafa lokið námskeiðinu Icelandic Online 1 með góðum árangri. Námskeiðin Icelandic Online 1 og 2 eru nú einnig gerð að skilyrði fyrir þátttöku í BA-námi í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands. Nú eru um 180.000 skráðir notendur Icelandic Online víða í heiminum, þar af eru 60.000 virkir. Slóðin er: www.icelandiconline.com. Búið er að endurforrita námskeiðin, uppfæra þau og gera þau aðgengileg í gegnum snjalltæki.



Málið.is

Málið.is er vefgátt sem veitir aðgang að orðabókum og öðrum gagnasöfnum stofnunarinnar um íslenskt mál. Við opnun árið 2016 voru sex mismunandi gagnasöfn (Íðorðabankinn, Málfarsbankinn, Stafsetningarorðabókin, Beygingarlýsing íslensks nútímamáls, Íslensk nútímaorðabók og Íslensk orðsifjabók) tengd vefgáttinni en því sjöunda, Íslensku orðaneti Jóns Hilmars Jónssonar, var bætt við á árinu. Ari Páll Kristinsson, Halldóra Jónsdóttir og Steinþór Steingrímsson eru í ritstjórn vefgáttarinnar.

Málföng fyrir íslensku

Stofnunin rekur vefsetrið málföng.is þar sem ýmis málföng (gagnasöfn og töl) til nota í máltækniverkefnum eru aðgengileg. Gögnin má sækja en venjulega þarf að samþykka tiltekið leyfi sem er skilgreint fyrir hvert gagnasöfn. Vefsetrinu er stöðugt haldið við með því að bæta við gögnum og endurbæta efni og skýringar eftir því sem tilefni er til.

Nordkurs

Stofnunin annaðist norrænt sumarnámskeið í íslensku í Háskóla Íslands dagana 5.–30. júní. Þátttakendur voru 33. Íslenskutímar voru 60 en auk þess sátu nemendur tíu fyrirlestira um menningu og sögu, heimsóttu söfn og fóru í ferðir á sögu slóðir.

Alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku

Dagana 4.–29. júlí gengust Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og hugvísindasvið Háskóla Íslands fyrir fjögurra vikna alþjóðlegu námskeiði í íslensku máli og menningu. Alls var kennt í 80 stundir á námskeiðinu, 70 stundir íslenskt mál og 10 stundir saga og samfélag, bókmenntir og listir. Þátttakendur voru 44 frá 17 löndum og komust mun færri að en vildu.

Kennsla

Sérfræðingar frá fræðasviðum stofnunarinnar kynntu hver sitt svið fyrir íslenskunemum í námskeiðinu Aðferðir og vinnubrögð á haustmisseri við Háskóla Íslands. Gísli Sigurðsson kenndi námskeið við þjóðfræðadeild HÍ um munnlega hefð og íslenskar fornþóknentir og annað námskeið um söfnun þjóðfræða, og leiðbeindi nemanda með lokaritgerð til meistara-

prófs og tveimur doktorsnemunum. Rósa Þorsteinsdóttir tók á móti þjóðfræðinemum og einnig öðrum nemendum Háskóla Íslands: fyrsta árs nemendum í íslensku, þeim sem læra íslensku sem annað mál og meistaranemum í norrænum fræðum. Nemendur í Listaháskóla Íslands komu einnig í heimsókn og sömuleiðis nemendur í menningartengdri ferðaþjónustu við háskólann í Åbo í Finnlandi og Rósa sagði þeim frá þjóðfræði og þjóðfræðisafninu. Rósa kenndi á námskeiði sem haldið var á Landsmóti kvæðamanna á Siglufirði 22. mars og fjallaði þar um vestfirskt kvæðafolk í upptökum Hallfreðar Arnar Eiríkssonar frá 1958 og 1959.

Emily Lethbridge sat í doktorsnefnd, leiðbeindi nemendum við skrif þriggja MA-ritgerða og kenndi þrjú námskeið á MA-stigi. Emily er auk þess í stjórn norrænu meistaranámsbrautarinnar Medieval Icelandic Studies og kenndi í námskeiði fyrir leiðsögumenn sem Endurmenntun Háskóla Íslands stendur fyrir. Guðrún Ása Grímsdóttir var í doktorsnefnd. Margrét Eggertsdóttir leiðbeindi þremur doktorsnemunum og sat að auki í einni doktorsnefnd. Guðvarður Már Gunnlaugsson var í tveimur doktorsnefndum og kenndi íslensku á stuttu námskeiði við Føroyamálsdeildina við Fróðskaparsetur Færeyja. Hann prófdæmdi sex meistara ritgerðir og eina BA-ritgerð. Hann var einnig prófdómari við Føroyamálsdeildina. Svanhildur Óskarsdóttir leiðbeindi doktorsnema, sat í tveimur doktorsnefndum auk þess að leiðbeina tveimur meistaranemum við lokaritgerðir. Guðrún Nordal leiðbeindi doktorsnema og situr í doktorsnefnd. Haukur Þorgeirsson leiðbeindi doktorsnema og sat í tveimur öðrum doktorsnefndum. Þórunn Sigurðardóttir var andmælandi við doktorsvörn og situr í doktorsnefnd. Ari Páll Kristinsson sat í þremur doktorsnefndum í HÍ.

Snorraverkefnið

Stofnunin, í samvinnu við Norræna félagið, skipulagði tveggja vikna námskeið í íslensku og um íslenska menningu fyrir norðuramerísk ungmenni af íslenskum ættum sem dvöldust hér á landi sumarið 2017 á vegum svonefnds Snorraverkefnis. Námskeiðið fór fram í Háskóla Íslands dagana 12.–22. júní.

Málstofa

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gengst reglulega fyrir málstofu um íslensk fræði. Sjá nánar í viðburðadagatali, bls. 28–31.

Ýmis fræðsla og kynning

Starfsmenn veita gjarna innlendum og erlendum fjölmiðlum viðtöl um ýmis efni á fræðasviðum stofnunarinnar.

Gisli Sigurðsson sá um, í félagi við Ævar Kjartansson, nokkra þætti um sjálfsmynd á Rás 1 með fræðimönnum á sviði félagsvísinda (<http://www.ruv.is/leit/?searchtext=Samtal>). Þá ritaði Gisli mánaðarlega pistla um tungutak fyrir helgarblað Morgunblaðsins og hélt opinberan fyrirlestur á námskeiði í boði Snorrastofu í Reykholti um Myndina af Vinlandi í forn-sögum, 10. október 2017.

Ari Páll Kristinsson og Jóhannes B. Sigtryggsson héldu námskeið um íslensku og málnotkun fyrir starfsmenn Ríkis-endurskoðunar 14. mars.

Ari Páll Kristinsson hélt m.a. erindi fyrir nemendur og kennara úr Université du Québec à Montreal 2. maí, fyrir nemendur á Nordkurs-námskeiði 8. júní og hóp úr norrænu- og fjölmiðladeild Háskólans í Kristiansand 24. október.

Jóhannes var með kynningu fyrir gesti frá Samþinginu í Noregi 13. janúar og íslenskunema í Mími 29. september.

Aðstandendur ISLEX, Þórdís Úlfarsdóttir og Halldóra Jónsdóttir, kynntu orðabókina á alþjóðlegu þýðendapingi í Reykjavík og á námskeiðinu *Ord i Nord* við Háskóla Íslands. Halldóra Jónsdóttir sagði einnig frá verkefni á málþingi Nordspråk í Kaupmannahöfn í nóvember.

Svanhildur María Gunnarsdóttir og Eva María Jónsdóttir kynningarstjóri kenndu hluta af námskeiði á vegum Samtaka móðurmálskennara 2. júní. Þar leiðbeindu þær um möguleika hinna fjölmörgu gagnasafna stofnunarinnar og gáfu kennarahópnum innsýn í námsefni um leyndardóma handritanna sem safnkennari kynnir nemendum allt skólaárið í Safnahúsi. Eva fór jafnframt til fundar við starfsmenn Utanríkisráðuneytisins og kynnti þeim ýmis gagnleg gagnasöfn stofnunarinnar.

Sigurðar Nordals fyrirlestur

Á fæðingardegri dr. Sigurðar Nordals 14. september flutti Gunnþórunn Guðmundsdóttir, opinberan fyrirlestur í Norræna húsinu. Fyrirlesturinn nefndist: *Gleymka og geymd á staf-rænum tímum*. Um 120 manns sóttu fyrirlesturinn.

Árna Magnússonar fyrirlestur

Á fæðingardegri Árna Magnússonar 13. nóvember flutti Marjorie Curry Woods, prófessor í ensku og almennri bókmenntafræði við háskólann í Austin, Texas, opinberan fyrir-

lestur í Norræna húsinu í Reykjavík fyrir fullu húsi. Fyrirlesturinn nefndi hún *Emotions Between the Lines*.

Heimasíða

Á vefsíðu stofnunarinnar eru mánaðarlega birtir fræðilegir pistlar um handrit. Umsjónarmaður er Þórunn Sigurðardóttir en pistlana skrifa starfsmenn stofnunarinnar og gestafræðimenn. Pistlahöfundar á árinu voru: Haraldur Bernharðsson, Lena Rohrbach, Margrét Eggertsdóttir, Rósa Þorsteinsdóttir, Susanne M. Arthur, Svanhildur Óskarsdóttir, Teresa Dröfn Njarðvík, Þórdís Edda Jóhannesdóttir, Þórður Ingi Guðjónsson og Þórgunnur Snædal. Sambærilegir pistlar um örnefni birtast á sama vettvangi, skrifaðir af núverandi og fyrrverandi starfsmönnum nafnfræðisviðs. Vefnefnd hefur á árinu unnið að undirbúningi endurnýjaðrar heimasíðu stofnunarinnar, sem ráðgert er að opna í lok ársins 2018.

Örnámskeið í íslensku

Dagana 27.–29. október var haldin alþjóðleg ráðstefna áhuga-fólks um tungumálanám, Polyglot Conference, í Hörpu. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti og sendiherra tungumála fyrir UNESCO, opnaði ráðstefnuna. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum bauð upp á örnámskeið í íslensku fyrir ráðstefnugesti dagana 24.–26. október. Ellefu tóku þátt í námskeiðinu. Kennslustundir voru tólf og samtaltímar þrjár sem styrkþegar í íslensku sem öðru máli sáu um.

Bókakynningar

Upplstrarstundir voru haldnar á vegum stofnunarinnar þrisvar sinnum á vormisseri og í öll skiptin var efnið úr greinasafninu *Konan kemur við sögu* sem út kom í lok árs 2016 og inniheldur fróðleiksgreinar um konur og kvennamenningu frá örófi alda til vorra daga. Fyrst var opinn upplestur í Mengi við Óðinsgötu. Næst voru nokkrir pistlahöfundar með upplestur í Bókasafni Seltjarnarness. Síðast mættu nokkrir höfundar greina í Kaffi Slipp í samstarfi við Bókmennta-borgina Reykjavík og lásu þær upp fyrir gesti. Einstakir starfsmenn sem áttu pistla í greinasafninu fóru einnig á mannámót og fundi og kynntu bókina fyrir áhugasömum frá útgáfudegi bókarinnar síðla árs 2016 fram á vor 2017.

Á haustmisseri var efnt til bókagæði í húsi rithöfundasambands Íslands, Gunnarshúsi, þar sem útgáfur ársins, tengdar fræðimönnum stofnunarinnar, voru kynntar og seldar í samstarfi við útgefendur og höfunda.

SAMSTARF INNANLANDS

Háskóli Íslands – Íslensku- og menningardeild

Árnastofnun hefur viðtækt samstarf á ýmsum sviðum við Íslensku- og menningardeild og Félags- og mannvísindadeild þótt mest beri á því í kennslu. Starfsmenn stofnunarinnar kenna námskeið við deildirnar, prófdæma lokapróf og lokaritgerðir, leiðbeina nemendum við samningu BA- og meistaraþrófsritgerða, sitja í doktorsnefndum og leiðbeina doktorsnemum. Eftirtaldir doktorsnemar nutu leiðbeiningar starfsmanna stofnunarinnar: Katelin Parsons, Johnny Lindholm, Ermenigilda Müller, Bjarni Gunnar Ásgeirsson, Helgi Skúli Kjartansson, Michael John MacPherson.

Þjóðminjasafn Íslands

Árnastofnun sýnir þrjú handrit á sýningu Þjóðminjasafns Íslands, *Þjóð verður til*, í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu.

Sjónarhorn í Safnahúsinu

Árnastofnun er meðal safna sem taka þátt í sýningunni *Sjónarhorn* í Safnahúsinu við Hverfisgötu, þar sem sýnd eru m.a. nokkur handrit sem stofnunin varðveitir og nokkrar eftirgerðir handrita.

Hið íslenska fornritafélag

Stofnunin er í samstarfi við Hið íslenska fornritafélag sem meðal annars felst í því að ýmsir starfsmenn Árnastofnunar vinna að og hafa unnið að útgáfum á vegum félagsins. Jafnframt hefur ritstjóri Íslenskra fornrita, Þórður Ingi Guðjónsson, vinnuáðstöðu á Árnastofnun í Árnagarði.

Örnefnanefnd

Stofnunin annast skrifstofuhald fyrir Örnefnanefnd og hefur nefndin aðsetur í húsakynnum stofnunarinnar. Örnefnanefnd ber ábyrgð á að úrskurða um hvaða nöfn skuli standa í opinberum örnefnagrunni, á opinberum skiltum og veitir umsagnir, s.s. vegna nýrra náttúrufyrirbæra eða nýrra sveitarfélaga. En í kjölfar þess að ný lög um örnefni tóku gildi árið 2015 (nr. 22/2015) ber nefndin ekki lengur ábyrgð á að úrskurða um nöfn á nýjum lögbýlum, breytingar á nöfnum eldri býla, eða ný nöfn á götum. Þetta verkefni hefur verið flutt til sveitarfélaga en starfsmenn nafnfræðisviðs veita sveitarfélögum og öðrum sem á þurfa að halda upplýsingar og gefa ráð

varðandi nafngiftir býla og gatna. Nefndin er nú eftirlitsaðili varðandi það mál og veitir álit og úrskurð ef ágreiningur rís um nöfn. Leiðbeiningar handa sveitarfélögum um nafngiftir bæja, gatna og sveitarfélaga voru gefnar út árið 2017 og er að finna á heimasíðu Árnastofnunar: www.arnastofnun.is/page/ornefnanefnd.

Þórunn Sigurðardóttir og Emily Lethbridge fóru á haustfund Samtaka tæknimanna sveitarfélaga í nóvember til að kynna nýju leiðbeiningarnar og ráðgjafahlutverk Árnastofnunar.

Nefndarmenn Örnefnanefndar: Þórunn Sigurðardóttir formaður (varamaður: Haraldur Bernharðsson), Þórarinn Eldjárn varaformaður, Gunnar H. Kristinsson (varamaður: Danfríður Skarphéðinsdóttir), Hallgrímur J. Ámundason (varamaður: Jónína Hafsteinsdóttir) og Margrét Jónsdóttir (varamaður: Sigurður Konráðsson). Starfsmenn nafnfræðisviðs vinna með nefndinni og sitja fundi hennar sem ritara. Ársskýrslur Örnefnanefndar má finna á heimasíðu Árnastofnunar: www.arnastofnun.is/page/ornefnanefnd_arsskyrslur.

Landmælingar Íslands

Einn meginsamstarfsaðili nafnfræðisviðs eru Landmælingar Íslands. Reglubundið samráð er milli stofnananna um örnefni á kortum og í kortagrunni. Afrakstur samvinnunnar er m.a. að finna í Örnefnasjá Landmælinga á netinu (<http://atlas.lmi.is/ornefnasja/>). Fjöldmargir skráningararaðilar vitt og breitt um landið sinna skráningu örnefna í Örnefnasjá og njóta við þá vinnu stuðnings starfsmanna Landmælinga Íslands og nafnfræðisviðs. Grunnur að örnefnaskráningu er í flestum tilfellum örnefnaskrár sem varðveittar eru í Örnefnasafni. Gögn Landmælinga Íslands eru gjaldfrjáls, opin og aðgengileg. Margir eru farnir að hagnýta þau í ýmsum tilgangi, bæði í atvinnulífnum og í rannsóknnum. Starfsmenn Árnastofnunar fengu hlýjar móttökur hjá Landmælingum Íslands og þeim var veitt upplýsandi innsýn í störf sem fara fram á Akranesi þegar farið var þangað í haustferð stofnunarinnar. Starfsmenn Landmælinga leiðsögðu einnig hópnnum um bæinn og fræddu um götunöfn og önnur örnefni á svæðinu.

Íslensk málnefnd

Stofnunin er skv. lögum skrifstofa Íslenskrar málnefndar. Af hálfu stofnunarinnar var Ágústa Þorbergsdóttir samverkamaður og ritari Íslenskrar málnefndar. Samverkamaður og ritari hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum málnefndarinnar,



Raddir íslenskunnar töluðu til þjóðarinnar vikuna fyrir dag íslenskrar tungu 2017.

annast skrifstofuþjónustu við nefndina og sér um vefsíðu hennar. Málræktarþing Íslenskrar málnefndar var haldið 15. nóvember í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns. Þingið nefndist Ritun í skólakerfinu. Ágústa skipulagði þingið ásamt stjórn Íslenskrar málnefndar.

Almannarómur

Sjálfséignarstofnuninni Almennarómi var komið á fót í júní 2014 til þess að stuðla að smíði máltæknilausna fyrir íslensku. Með því á að tryggja að íslenska standi jafnfætis öðrum tungumálum í tækniheiminum og markmiðið er bæði að styrkja samkeppnisfærni íslenskra fyrirtækja og að auka mannréttindi og bæta samfélagið. Stofnunin á aðild að Almennarómi og Guðrún Nordal er í stjórn hans.

Máltæknisetur

Máltæknisetur er samstarfsvettvangur Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík og orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Hlutverk setursins er að vera miðstöð íslenskrar máltækni með því m.a. að eiga frumkvæði að og taka þátt í rannsóknum og hagnýtum verkefnum á því sviði, taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um máltækni, standa fyrir ráðstefnum og reka vefsíðu þar sem miðlað er upplýsingum um íslenska máltækni. Fulltrúi stofnunarinnar í stjórn setursins er Sigrún Helgadóttir.

Orðanefndir

Innlent samstarf í iðorðamálum felst í aðstoð við orðanefndir og aðra höfundu sérhæfðra orðasafna, rekstri Íðorðabanka Árnastofnunar og hvatningu og stuðningi við gerð nýrra iðorðasafna og aðstoð við rafræna og prentaða útgáfu iðorðasafna. Formaður orðanefndar læknafélaga, Jóhann Heiðar Jóhannsson, hefur fasta vinnuáðstöðu á málræktarsviði þar sem hann vann í hlutastarfi við endurbætur á iðorðasafni lækna. Ágústa Þorbergsdóttir átti á árinu samstarf við ýmsar fleiri orðanefndir, t.a.m. orðanefnd í tómstundafræðum, orðanefnd í hannyrðum, orðanefnd í lýðheilsufræðum, orðanefnd í byggingarverkfræði, orðanefnd Verkefnastjórnunarfélags Íslands og við aðra sérfræðinga og iðorðasafnahöfunda.

Dagur íslenskrar tungu

Stofnunin kom að undirbúningi viðburða á degi íslenskrar tungu sem var haldinn hátíðlegur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis í menningarhúsinu Bergi á Dalvík. Þar afhenti Kristján Þór Júlíusson ráðherra Vígðisi Grímsdóttur Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar við hátíðlega athöfn. Sérstaka viðurkenningu ráðgjafanefndar ráðherra hlaut Gunnar Helgason. Í tilefni dags íslenskrar tungu tók Árnastofnun þátt í samstarfsverkefni með Borgarbókasafninu, Vígðisastofnun, HÍ og Rúv sem nefndist Raddir íslenskunnar. Þar voru nemendur í íslensku og aðrir málnotendur hvattir til að svara spurningunni: Hvers virði er íslenskan?



Fræðimenn að störfum í lestrarsal stofnunarinnar í Árnagarði.

Orð ársins 2017

Ágústa Þorbergsdóttir og Eva María Jónsdóttir sátu í undirbúningshópi um orð ársins í íslensku í samstarfi við RÚV og Mími, félag stúdenta í íslensku og almennum málvísindum. Steinþór Steingrímsson verkefnisstjóri veitti ráðgjöf við tölfræðilega greiningu.

Rannsóknarstofa í máltileinkun

Hugvísindastofnun samþykkti reglur um Rannsóknarstofu í máltileinkun (RÍM) á vormisseri 2010. Markmiðin með henni eru að 1) efla þverfaglegt rannsóknar- og þróunarsamstarf, innlent og alþjóðlegt, á sviði annarsmálsfræða, 2) koma á fót gagnagrunni um tileinkun máls og menningar og safna upplýsingum um slík rannsóknargögn, 3) miðla þekkingu á annarsmálsfræðum, t.d. með umræðufundum, málþingum og útgáfu nettímarits, 4) stuðla að bættum ritakosti á fræðasviðinu. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á aðild að rannsóknarstofnunni. Stofan gekkst fyrir málstofu á Hugvísindabingi 2017 og umræðufundum um annarsmálsfræði á vor- og haustmisseri.

Málnefnd um íslenskt táknmál

Stofnunin er samkvæmt lögum skrifstofa Málnefndar um íslenskt táknmál. Dagleg umsjón starfseminnar fer fram í Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Rannsóknarsjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar

Rósa Þorsteinsdóttir situr í stjórn Rannsóknasjóðs Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar.

Gunnarsstofnun

Svanhildur Óskarsdóttir er fulltrúi stofnunarinnar í stjórn Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri. Rósa Þorsteinsdóttir er varamaður hennar.

Snorrastofa

Margrét Eggertsdóttir er fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis í stjórn Snorrastofu í Reykholti, skv. tilnefningu stofnunarinnar. Úlfar Bragason er varamaður hennar.

Rannís

Margrét Eggertsdóttir er í stjórn Rannsóknasjóðs Rannís.

Sálmabókanefnd

Margrét Eggertsdóttir er í sálmabókanefnd þjóðkirkjunnar.

Miðstöð íslenskra bókmennta

Þórunn Sigurðardóttir er varamaður fulltrúa Hagþenkis í stjórn Miðstöðvar íslenskra bókmennta.



Frá ferðalagi nemenda og kennara við Alþjóðlegan sumarskóla í handritafræðum. Myndin er tekin í Lejre museum.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Íslenskukennsla erlendis

Stofnunin annast stuðning við kennslu í íslensku við erlenda háskóla samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið.

Árið 2017 voru fjórtán íslenskukennarastólar við jafnmarga erlenda háskóla styrktir af íslenskum stjórnvöldum. Flestir kennararnir sinntu kennslunni í fullu starfi: fimm á Norðurlöndum, þrír í Þýskalandi, tveir í Frakklandi, einn í Austurríki, einn í Bretlandi, einn í Kanada og einn í Kína.

Sérstakir samningar voru í gildi um framlög til íslenskukennslu við Humboldtháskóla í Berlín og Manitobaháskóla í Winnipeg.

Annars staðar byggjast framlög á bréflugu vilyrði stjórnvalda menntamála og eru einkum ætluð til að auðvelda kennurunum að hafa samband við heimalandið. Allir kennarastólarnir fá nokkurn bókastyrk árlega.

Stundakennsla í íslensku við Cambridge-háskóla var styrkt með fjárframlagi á skólaárinu 2016–2017. Einnig var stundakennsla í íslenskum fræðum við Waseda-háskóla styrkt en þarlendir kennarar sinntu þeirri kennslu.

European Network of e-Lexicography (EnL)

Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir voru fulltrúar Íslands í COST-verkefninu IS1305 (European Network of e-Lexicography – EnL). Aðilar að áætluninni voru 30 lönd í Evrópu og var markmið hennar m.a. að koma á fót samevrópskri orða-

bókagátt með aðgangi að vönduðum rafrænum orðabókum á hinum ýmsu tungumálum. Gáttina er að finna á vefsíðunni dictionaryportal.eu. Um var að ræða fjögurra ára verkefni sem lauk haustið 2017.

Norrænt félag um orðabókagerð – NFL

NFL er helsti samstarfsvettvangur orðabókafræðinga á Norðurlöndum. Félagið stendur fyrir ráðstefnu annað hvert ár, gefur árlega út tímaritið *LexicoNordica* og heldur málþing um tiltekið efni í tengslum við það. Þema málþingsins 2017, sem var haldið í Kaupmannahöfn í janúar, var nöfn í orðabókum og greinar byggðar á fyrirlestrunum birtust í 24. hefti *LexicoNordica* síðar á árinu. Þórdís Úlfarsdóttir var meðal fyrirlesara og greinahöfunda. Fjórtaða ráðstefna NFL var haldin í Reykjavík dagana 30.5.–2.6.2017 í samstarfi við stofnunina. Í ráðstefnufund voru Ásta Svavarsdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Helga Hilmisdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir. Þórdís Úlfarsdóttir er varamaður í stjórn félagsins og Ásta Svavarsdóttir situr í ritstjórn *LexicoNordica*.

Íðorðamál

Stofnunin á aðild að Nordterm, samtökum norrænna iðorðastofnana. Stofnunin á enn fremur aðild að alþjóðlegu iðorðasamtökunum Infoterm og hinum evrópsku, EAFT. Fulltrúi stofnunarinnar er Ágústa Þorbergisdóttir.

Ágústa vann að samnorræna verkefninu Termbase til stötte for nordisk mobilitet sem málnefndirnar á Norðurlöndum stóðu fyrir og miðaði að því að taka saman gagnagrunn þar sem hægt yrði að fletta upp erfiðum sérfræðiorðum á dönsku, íslensku, finnsku, norsku eða sænsku og fá skilgreiningu á eigin tungumáli.

Málrækt

Stofnunin á samvinnu við norrænar systurstofnanir á sviði málræktar. Jóhannes B. Sigtryggsson var norrænn ritari í því samstarfsneti fram í september þegar Ágústa Þorbergsdóttir tók við því verkefni. Hún tók einnig við af Jóhannesi í ritstjórn tímaritsins *Sprog i Norden*.

Ársfundur samstarfsnets norrænu málnefndanna (Netværket for sprogævnene i Norden) var haldinn í Árósum í Danmörku 18. september. Ágústa Þorbergsdóttir sat fundinn ásamt Guðrúnu Kvarn formanni Íslenskrar málnefndar. Í tengslum við fundinn var haldinn sérstakur vinnufundur 19. september um málfarsbanka og málfarsráðgjöf á netinu. Auk Ágústu og Guðrúnar tóku Ari Páll og Jóhannes þátt í þeim fundi og hélt sá síðarnefndi erindi þar um norræna málfarsbanka.

Ari Páll Kristinsson er í norrænum vinnuhópi um málskýrð og sat fund stýrihóps samstarfsnetsins í Kaupmannahöfn 4. maí. Ari Páll vann með fleirum í þeim hópi að undirbúningi faglegrar dagskrár norrænu málskýrðarráðstefnunnar í Kaupmannahöfn í maí. Ari Páll er fulltrúi af hálfu stofnunarinnar gagnvart evrópsku samtökunum European Federation of National Institutions for Language en Íslensk málnefnd á aðild að þeim. Ari Páll sótti ársfund samtakanna í Mannheim í október ásamt Guðrúnu Kvarn.

Handrit.is

Gagnagrunnurinn handrit.is er samstarfsverkefni stofnunarinnar, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Institut for Nordiske Studier og Sprogvidenskab (áður Nordisk forskningsinstitut) í Kaupmannahöfn.

Alþjóðlegur sumarskóli í handritafræðum

Árnastofnun, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Institut for Nordiske Studier og Sprogvidenskab (áður Nordisk forskningsinstitut) í Kaupmannahöfn starfa saman að alþjóðlegum sumarskóla í handritafræðum, ásamt Háskólanum í Leeds.

MENOTA – Medieval Nordic Text Archive

Stofnunin á aðild að þessum textabanka með norrænum miðaldertextum. Fulltrúi hennar er Haraldur Bernharðsson en Haukur Þorgeirsson er varamaður hans.

NoFF

Árlegur fundur NoFF (Nordiskt forum för folkmusikforskning och -dokumentation / Nordic Forum for Folk Music Research and Documentation) var haldinn í Kaupmannahöfn og fór fram 9. og 10. október. Rósa Þorsteinsdóttir sótti fundinn og sat einnig tvo aðra fundi um samstarf þjóðfræðisafna, hjá SIEF Work Group on Archives, sem haldnir voru í tengslum við 13. þing SIEF í Göttingen í mars, og hjá Network of Nordic and Baltic Tradition Archives í Tartu í september. Rósa vinnur áfram með Svend Nielsen að undirbúningi á útgáfu á kveðskap tíu íslenskra kvæðamanna í upptökum sem hljóðritaðar voru af Hallfreði Erni Eirikssyni og Svend Nielsen við Dansk folkemindesamling á 7. áratug síðustu aldar.

Alþjóðlegt nám í víkinga- og miðaldafræðum

Gisli Sigurðsson er í stjórn norræns meistaranáms í víkinga- og miðaldafræðum, og tekur þátt í alþjóðlegu verkefni um minnisrannsóknir í samvinnu við fræðimenn við háskólana í Árósum, Zürich og Cambridge, Massachusetts. Þá er hann með í Erasmus+ verkefninu ProPeace, undir forystu háskólans í Saint Etienne í Frakklandi.

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis er samstarfsvettvangur stofnana á Norðurlöndum sem annast sendikennslu í tungumálum Norðurlanda erlendis. Úlfar Bragason hefur verið fulltrúi Íslands í nefndinni síðan 1992. Nú er Þóra Björk Hjartardóttir dósent varamaður hans. Nefndin kom tvisvar saman til fundar á árinu, í Björgvin 24. mars og í Milanó 2. nóvember. Í tengslum við fundinn í Milanó heimsóttu nefndarmenn deildir norrænna mála við háskólana í Feneyjum og Milanó. Upplýsingar um starfsemi nefndarinnar voru settar á vefsíðu hennar. Slóðin er <http://samarbetsnamnden.org/>.

Gestir í fræðimannsíbúðum

Gestir í íbúð stofnunarinnar í Hvassaleiti 30 árið 2017 voru Astrid Ogilvie og Christine Schott frá Bandaríkjunum, Natalie van Deusen frá Kanada, Sian Elizabeth Grønlie og Liv Anna Gunnell frá Englandi, Agneta Ney frá Svíþjóð og Rósa Magnúsdóttir frá Danmörku.

Gestir í íbúð í Þingholtsstræti 29 árið 2016 voru Einar Már Jónsson frá Frakklandi, Randi Brodersen frá Noregi, Friederike Richter frá Þýskalandi, Marteinn H. Sigurðsson frá Danmörku, Lorenzo Lozzi Gallo frá Ítalíu og Tamás Beregi frá Ungverjalandi.

Lektorafundur

Fertugasti og þriðji fundur íslenskukennara erlendis var haldinn í Gautaborg 26.–27. maí. Alþjóðasvið Árnastofnunar skipulagði fundinn í samráði við íslenskukennarana. Fundinn sóttu þrettán kennarar, sem gegndu störfum á vormisseri 2017, auk Úlfars Bragasonar og Helgu Hilmisdóttur.

Á fundinum var rætt um íslenskukennslu erlendis og kennarar gerðu grein fyrir skýrslum um störf sín skólaárið 2016–2017. Af þeim sést að íslenskukennsla við erlenda háskóla er öflug og áhuginn á kennslunni mikill. Ár hvert sækja á annað þúsund nemandeildar námskeið í íslensku við háskóla erlendis. Anna Helga Hannesdóttir gerði grein fyrir orðabókarannsóknnum við Gautaborgarháskóla, Kristinn Jóhannesson sagði frá nýjum þýðingum á Íslendingasögum á sænsku, Þorsteinn Indriðason flutti erindi um áherslulíði í íslensku og Hanna Steinunn Þorleifsdóttir um nafnarugling í frönskum þýðingum úr íslensku. Þá sagði Bjarni Benedikt Björnsson frá gagnagrunninum Klaka, Helga Hilmisdóttir frá íslensk-finnskum netverkefnum og Áslaug Hersteinsdóttir Hölttá frá þýðingum á Íslendingasögum á finnsku og rússnesku. Eftir fundinn var haldinn aðalfundur Samtaka sendikennara í íslensku erlendis. Fundurinn samþykkti ályktun um íslenskukennslu við erlenda háskóla sem send var menntamálaráðherra.

Samráðsnefnd vegna íslenskukennslu erlendis

Úlfar Bragason á sæti í samráðsnefndinni með tveimur fulltrúum tilnefndum af íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs Háskólans, Bergljótu Kristjánsdóttur prófessor og Þóru Björk Hjartardóttur dósent. Samráðsnefndin fjallar um umsóknir um kennarastöður erlendis og er stofnuninni til ráðgjafar í málefnum íslenskukennslu við erlenda háskóla.

Nordkursnefnd

Þessi norræna nefnd, sem starfar með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar og skipuleggur sumarnámskeið í Norðurlandamálum og -bókmenntum fyrir norræna háskólanema, hélt ársfund sinn í Árósum 22.–23. september. Úlfar Bragason situr í nefndinni. Úlfar Bragason og Ingibjörg Þórisdóttir, verkefnisstjóri á alþjóðasviði, sóttu fundinn.

Snorrastyrkir

Styrki Snorra Sturlusonar skal veita erlendum rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast á Íslandi í þrjá mánuði hið minnsta í því skyni að kynnst sem best íslenskr tungu, menningu og mannlífi. Miðast þeir að öðru jöfnu við greiðslu á ferðakostnaði styrkþega til og frá Íslandi og dvalarkostnaði innanlands. Auk Úlfars Bragasonar eiga sæti í úthlutunarnefndinni Pétur Gunnarsson rithöfundur, tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands, og Ásdís Egilsdóttir dósent, fulltrúi Bókmenntafræðistofnunar Háskólans. Eftirtaldir hlutu styrki til þriggja mánaða á árinu: Dr. Tamás Beregi, rithöfundur í Búdapest í Ungverjalandi til að skrifa bók um efni sem tengist sögu Íslands á 18. og 19. öld; Dr. Lorenzo Lozzi Gallo, dósent í norrænum fræðum við háskólann í Messínu á Ítalíu, til að vinna að þýðingum á Íslendingabók og Landnámu á ítölsku og skýringum; Dr. Sian Elizabeth Grønlie, dósent í miðaldafræðum við Oxfordháskóla, til að rannsaka þýðingar helgisagna á íslensku og áhrif þeirra á íslenska sagnaritun á miðöldum.

Stúdentastyrkir Menntamálaráðuneytis

Frá hausti 2010 hefur Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum annast umsýslu styrkja mennta- og menningarmálaráðuneytis til erlendra stúdenta til íslenskunáms við Háskóla Íslands. Alls bárust 85 gildar umsóknir frá 23 löndum um styrki fyrir árið 2017–2018, þar af 6 um framhaldsstyrk. Allir sem sóttu um framhaldsstyrk hlutu hann en 9 hlutu styrk til að hefja nám í íslensku sem öðru máli.

NordHymn – Nordisk hymnologisk nettverk

Margrét Eggertsdóttir situr í stjórn NordHymn.

VIÐBURÐIR 2017



Janúar

- Tímaritið *Gripla* 27 kemur út.
- Sendinefnd frá Samþinginu heimsækir Árnastofnun á Laugavegi 13.
- Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra heimsækja Árnasafn í Kaupmannahöfn.
- Rask-ráðstefnan um íslenskt mál og almenna málfræði haldin í 31. sinn í Þjóðminjasafni Íslands 28. janúar.
- Mette Jakobsen, forvörður og bókbindari við Árnastofnun í Kaupmannahöfn, heiðruð fyrir ævistarf sitt og sæmd hinni íslensku fálkaorðu.
- Málstofa: Rósa Þorsteinsdóttir: „Skáldskapur þjóðarinnar“: Jón Árnason og þjóðsagnasafn hans.

Febrúar

- Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, heimsækir stofnunina.
- Guðrún Ingólfsdóttir tekur við tilnefningu til Viðurkenningar Hagþenkis 2015 fyrir bók sína *Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellingar. Bókmenning íslenskra kvenna frá miðöldum fram á 18. öld.*
- Sigurborg Kristín Stefánsdóttir tekur til starfa sem fjármálastjóri.
- Fyrsta upplestrarkvöldið af þremur haldið í Mengi vegna útgáfu bókarinnar *Konan kemur við sögu*. Þorsteinn frá Hamri las m.a. upp þátt sem birtur er í bókinni.

- Degi íslenska tákn málsins fagnað í fimmta sinn 11. febrúar með kvikmyndasýningu og hátíðarhöldum í Bæjararbiði.
- Guðný Ragnarsdóttir hefur störf sem bókasafns- og upplýsingafræðingur við stofnunina.
- Alþjóðlegur dagur móðurmálsins 21. febrúar.
- Málstofa: Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir: Ný íslensk orðabók.

Mars

- Bókmenntaspjall á vegum Bókmenntaborgarinnar Reykjavíkur á Kaffi Slipp. Höfundar fjalla um greinar sínar í bókinni *Konan kemur við sögu*. Fjórir greinahöfundar lesa einnig upp á bókakvöldi í Bókasafni Seltjarnarness.
- Rákel Pálsdóttir, verkefnisstjóri á skrifstofu stofnunarinnar, hefur störf.
- Norræn samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis, sem stofnunin á aðild að, heldur vorkund sinn í Björgvin 24. mars.
- Ráðstefna um tíma, rými og frásagnarhátt Íslendingasagna haldin í Reykjavík.
- Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra heimsækir stofnunina og skoðar handrit.
- Guðrún Ingólfsdóttir hlýtur Menningarverðlaun DV 2016 fyrir rit sitt *Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellingar. Bókmenning íslenskra kvenna frá miðöldum fram á 18. öld.*
- Málstofa: Ari Páll Kristinsson: *Málheimar. Sitthvað um málstefnu og málnotkun.*



Apríl

- Jón Hilmar Jónsson og Bjarki Karlsson hljóta styrk úr Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur til að þróa nýtt textagreiningartæki tengt *Íslensku orðaneti*.
- Nemendaráðstefna um norrænar bókmenntir og samfélag á miðöldum haldin í sjöunda sinn.
- Bókin *Mirrors of virtue: Manuscript and print in late pre-modern Iceland*, kemur út. Ritstjórar eru Margrét Eggertsdóttir og Matthew James Driscoll.
- Creditinfo afhendir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gögn til uppbyggingar stafrænnar íslensku.
- Málstofa: Haukur Þorgeirsson: Síðustu skinnhandrit Sæmundar-Eddu og Snorra-Eddu.

Mái

- Ingibjörg Þórisdóttir hefur störf á alþjóðasviði stofnunarinnar sem verkefnisstjóri.
- Orðabækur og málgögn var þema fjórtánda ráðstefnunnar um orðabókafræði á Norðurlöndum sem haldin var í Reykjavík á vegum Norræna orðabókafræðifélagsins (NFL) í samvinnu við orðfræðisvið stofnunarinnar.
- Krossfestingarmynd á skinnblaði frá 14. öld sýnd á sýningu í Safnahúsinu.
- Árlegur fundur íslenskra sendikennara erlendis haldinn í Gautaborgarháskóla 26.-27. maí.
- Árnastofnun fær far með Háskólalestinni. Svanhildur M. Gunnarsdóttir safnkennari fræðir um leyndardóma handritanna.

Júní

- Tímaritið *Orð og tunga* 19 kemur út.
- Nordkurs – íslenskunámskeið fyrir norræna stúdenta haldið í Háskóla Íslands 5. júní–29. júní.
- *Fjölnefningin. Hliðarspor í sögu íslenskrar stafsetningar* sem Gunnlaugur Ingólfsson bjó til prentunar, kemur út.
- Ungmennni af íslenskum ættum frá Kanada og Bandaríkjunum taka þátt í Snorraverkefninu.
- Námskeið í íslensku sem öðru máli var opnað fyrir snjalltæki: www.icelandiconline.com.

Júlí

- 41 nemandi frá 17 löndum tekur þátt í fjögurra vikna alþjóðlegu námskeiði í sumarskóla í íslensku máli og menningu sem haldið var í Reykjavík 3.–28. júlí.

Ágúst

- Alþjóðlegur sumarskóli í handritafræðum haldinn í Kaupmannahöfn í fjórtánda sinn dagana 7.–18. ágúst.
- Fræðimenn frá Árnastofnun taka þátt í málþingi í Kakalaskála.
- Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, kynnr nýja verkáætlun um máltækni fyrir íslensku á árunum 2018–2022.
- Bókin *Málheimar. Sitthvað um málstefnu og málnotkun* eftir Ara Pál Kristinsson, kemur út hjá Háskólaútgáfunni.
- Ný útgáfa af Icelandic Online 2 er opnuð.



September

- Ársfundur stofnunarinnar, sem að þessu sinni ber yfirskriftina *Haustheimtur*, haldinn í Gamla bíói 14. september.
- Gunnþórunn Guðmundsdóttir flytur *Sigurðar Nordals* fyrirlestur á fæðingardeggi hans 14. september. Fyrirlesturinn ber yfirskriftina *Gleymaska* og geymd á stafrænum tímum.
- Þýðendabing í Reykjavík dagana 11. og 12. september.
- Árlegur fundur í Nordkurs-samstarfinu um sumarnámskeið í norrænum tungumálum haldinn í Árósum dagana 21.–24. september.
- Málstofa: Lorenzo Lozzi Gallo: Íslendingabók og Landnáma og þýðing og skýringar þessara verka fyrir ítalska lesendur.
- Emily Lethbridge nýr rannsóknarlektor á nafnfræðisviði stofnunarinnar hefur störf.

Október

- Sendiherra Rússlands á Íslandi, Anton Vasiliev, kemur í heimsókn á Laugaveg 13. Starfsmenn orðfræðisviðs kynna fyrir honum verkefni sem varða tvær prentaðar orðabækur á milli íslensku og rússnesku.
- Vasare Rastonis ráðin forvörður við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Fimmta Polyglot-ráðstefnan haldin í Hörpu dagana 27.–29. október. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum bauð ráðstefnugestum á örnámskeið í íslensku dagana 24.–26. október.

- Fimmtán nemendur frá ellefu löndum í íslensku hljóta styrki mennta- og menningarmálaráðuneytis til náms í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands háskólaárið 2017–2018.
- Eva Wagner Pasquier, barnabarnabarn óperuskáldsins Richards Wagners, heimsækir stofnunina ásamt fylgdarliði.
- Ritið *Áhrif Lúthers* kemur út í tilefni þess að 500 ár eru liðin frá siðaskiptum. Bókin er í ritstjórn Margrétar Eggertsdóttur, Hjalta Hugasonar og Lofta Guttormssonar.
- Margrét Eggertsdóttir veitir leiðsögn um hluta sýningarinnar *Sjónarhorn* í Safnahúsinu.
- Málstofa: Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir: Kynning á rannsóknarverkefni um elstu lækningar á Íslandi, þróun þeirra og tengsl við alþýðulækningar, galdur, grasalækningar, hómópatíu og nútímalæknisfræði.

Nóvember

- Málstofa: Beregi Tamás: Looking into the eye of the whale: A French natural scientist's voyage to Iceland and Greenland in 18th century.
- Afmælisdagur Árna Magnússonar haldinn hátíðlegur 13. nóvember. Marjorie Curry Woods flytur Árna Magnússonar fyrirlestur í tilefni dagsins sem nefnist *Emotions Between the Lines – Why I Love Ugly Manuscripts*. Afmælisdeginum einnig fagnað í Kaupmannahöfn þar sem Áslaug Ommundsen, prófessor við Háskólann í Björgvin, flytur hátíðarfyrirlestur.
- Degi íslenskrar tungu fagnað í tuttugasta og annað sinn



með hátíðardagskrá í menningarhúsinu Bergi á Dalvík. Vigdís Grímsdóttir hlýtur verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og Gunnar Helgason fær sérstaka viðurkenningu.

- Stofnunin leggur sitt af mörkum til hvatningarátaks um íslenskuna með því að birta örmyndbönd um Raddir íslenskunnar.
- Íslensk málnefnd heldur málræktarþing 15. nóvember sem ber heitið *Ritun í skólakerfinu*. Grundarskóli hlýtur viðurkenningu við sama tilefni.
- Norræn samstarfsnefnd um Norðurlandafraeðslu erlendis heldur haustfund í Milanó.
- Tvö verkefni stofnunarinnar hljóta styrki úr Máltækisjódí: annars vegar verkefnið *Samhliða málheild fyrir vélþýðingar* og hins vegar verkefnið *Enduruppbygging Beygingarlýsingar íslensks nútímamáls*.
- Íslensk-danskur orðabókarsjóður og stofnunin undirrita samning um gerð stafrænnar gerðar af Íslensk-danskri orðabók (*Orðabók Sigfúsar Blöndals*).
- Fyrsti aðalfundur Vínafélags Árnastofnunar haldinn í Norræna húsinu. Tveir nýir stjórnarmenn kjörnir.
- *Katrínarsaga* kemur út. Bjarni Ólafsson og Þorbjörg Helgadóttir bjuggu til prentunar.
- Vefnefnd stofnunarinnar hefur þarfagreiningu fyrir nýja vefsíðu stofnunarinnar með Hugsmiðjunni.
- Málstofa: Sian Grønlie: Translating Genesis into Old Norse-Icelandic.
- Bókasala Árnastofnunar sett upp í anddyri Árnagarðs í tvo daga.

Desember

- Skrifað undir samning um umsjón með fullveldissýningu á milli Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og nefndar Alþingis um hátíðarhöld í tilefni 100 ára fullveldisafmælis.
- Árnastofnun veittur rausnarlegur styrkur til viðgerðar á Flateyjarbók úr ríkissjóði.
- Dr. Blake Smith, Max Weber-nýdoktor við European University Institute í Flórens á Ítalíu, og dr. Kate Heslop, lektor í norrænum miðaldafraeðum við Kaliforníuháskóla í Berkeley, hljóta Snorrastyrki 2018 til þriggja mánaða.
- Þriðja heftið í ritröðinni *Orðasafn í líffærafræði* kemur út hjá stofnuninni í samstarfi við Orðanefnd Læknafélags Íslands.
- RÚV, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Mímir – félag stúdenta í íslenskum fræðum standa fyrir vali á orði ársins 2017. Orðið *epalhommi* varð fyrir valinu.
- Gripla 28 kemur út.
- Bókin *Frelsi, menning, framför* eftir Úlfar Bragason kemur út hjá Háskólaútgáfunni.
- Bókagleði í Gunnarshúsi.
- *Bundið í orð*, greinasafn Jóns Hilmarssonar, kemur út í lok árs.
- Hákon Heimir Kristjánsson færði stofnuninni fimm handrit að gjöf 21. desember og voru þau afhent með viðhöfn.



Benedikt Jóhannesson, þáverandi fjármálaráðherra, skoðar kjörgríp úr handritasafni Árna Magnússonar ásamt Svanhildi Óskarsdóttur á opnunardegi 11. maí 2017.

KJÖRGRIPUR

ÚR HANDRITASAFNI ÁRNA MAGNÚSSONAR SÝNDUR Í FYRSTA SINN: KROSSFESTINGARMYND Á SKINNBLAÐI FRÁ 14. ÖLD.

Þann 11. maí var sýningin á kjörgrípnum opnuð og stóð hún í eitt ár. Svanhildur Óskarsdóttir, stofustjóri handritasviðs, sagði frá skinnblaðinu og efni þess við opnunina.

Á myndinni er hinn krossfesti Kristur fyrir miðju. Fyrir ofan hann er lettrað á latínu: Jesús frá Nasaret, konungur Gyðinga. Honum á hægri hönd stendur María guðsmóðir í rauðum kyrtli með bláan höfuðdúk en hinum megin er Jóhannes læri- sveinn Krists.

Skinnblaðið er hið aftasta af sjö blöðum sem enn eru varðveitt úr handriti sem skrifað var og skreytt á öðrum fjórðungi 14. aldar á Vestfjörðum, hugsanlega í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp í tíð Eiríks Sveinbjarnarsonar hirðstjóra.

Á fyrstu sex blöðunum er dagatal (ártíðaskrá) en krossfestingarmyndin hefur staðið fyrir framan Davíðsálma (saltara). Saltarinn var notaður við tíðasöng og var algengt á fyrri tíð að ártíðaskrá og saltari væru saman á einni bók. Upphaf saltarans var þá gjarnan markað með heilsíðumynd eins og þeirri sem sýningin snerist um

Myndir í ársskýrslu

Bls. 1: Björn Gíslason

Bls. 2, 3 og 5: Jóhanna Ólafsdóttir

Bls. 6: Carina Nilstun

Bls. 7: Oddrun Grönvik, Eva María Jónsdóttir (mynd af ráðstefnugestum)

Bls. 8: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Bls. 9: Björn Gíslason

Bls. 10, 12 og 13: Jóhanna Ólafsdóttir

Bls. 19: Ingibjörg Þórisdóttir

Bls. 23: Ármann H. Gunnarsson og Kristín R. Vilhjálmisdóttir

Bls. 24: Jóhanna Ólafsdóttir

Bls. 25: Margrét Eggertsdóttir

Bls. 28-29: Jóhanna Ólafsdóttir, Kristinn Ingvarsson (af Guðrúnu Nordal og Sigrúnu Birnu Björnsdóttur), Ari Páll Kristinsson (af miðum), María Kjartansdóttir (af Úlfari Bragasyni), Ingibjörg Þórisdóttir (af styrkþegahópi)

Bls. 30-31: Jóhanna Ólafsdóttir, María Kjartansdóttir (af Gunnþórunni Guðmundsdóttur, hópi á ársfundí 2017 og yfirlitsmynd úr sal), Eva María Jónsdóttir (af Ara Páli Kristinssyni), Sigurður Gunnarsson (af Guðrúnu Nordal og Ragnheiði Jónu Ingimarsdóttur)

Bls. 32: Jóhanna Ólafsdóttir

Hönnun

Hunang · Sigrún Sigvaldadóttir

Prentun

Svansprent

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

Skrifstofa Árnagarði v/Suðurgötu
101 Reykjavík
sími 525 4010
arnastofnun@arnastofnun.is
www.arnastofnun.is



STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
í íslenskum fræðum